

# Lögmannablaðið



10. árgangur  
Mars  
1/2004

- **Lögmannafrumvarpið umdeilda**
- **Fáein orð um öflun lögmannsréttinda**
- **Lögvirki - lögmaður - málflytjandi**
- **Er reynsla af málf lutningi einskis metin?**
- **Tengsl skaðabótaréttar og bótaréttar frá almannatryggingum**
- **Stofnun félags kvenna í lögmennsku**





# SPARAÐU TÍMA

MEÐ AÐGANGI AÐ HÆSTARÉTTARDÓMUM OG LAGASAFNI

---

## HÆSTARÉTTARDÓMAR

Lánstraust hf. hefur skráð á tölvutækt form alla hæstaréttardóma frá 1958 og eru þeir aðgengilegir á [www.lt.is](http://www.lt.is).

Hæstaréttardómunum fylgja einnig þeir héraðsdómar sem áfrýjað var.

Öflug leitarvél er tengd dómasafninu og er mögulegt er að leita eftir ýmsum leitarskilyrðum í senn.

Einnig er hægt að finna alla dóma sem t.d. varða tiltekna lagagrein eða reglugerð.

## LAGASAFN

Lagasafnið er gefið út á geisladiski tvisvar á ári og er það uppfært í samræmi við breytingar á löggjöf.

Allar nánari upplýsingar, [adgangur@lt.is](mailto:adgangur@lt.is) eða 550-9600.

**L Á N S T R A U S T H F.**

---

# Lögmannablaðið

## LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími (tel.): 568-5620  
Bréfsími (fax): 568-70567  
Tölvupóstur: (E-mail):  
lmfi@lmfi.is  
Heimasíða: www.lmfi.is

## STJÓRN LMFÍ

Gunnar Jónsson hrl.,  
formaður  
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.,  
varaformaður  
Ólafur Rafnsson hdl.,  
gjaldkeri  
Aðalsteinn E. Jónasson hrl.,  
ritari  
Ragnheiður Bragadóttir hdl.,  
meðstjórnandi

## STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason  
framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir  
félagsdeild  
Guðný Gísladóttir  
ritari

Blaðið er sent öllum  
félagsmönnum.

Ársáskrift  
fyrir utanfélagsmenn  
kr. 1.500 + vsk.  
Verð pr. tölublað  
kr. 400 + vsk.  
ISSN 1670-2689

## NETFANG RITSTJÓRNAR:

ritstjori@lmfi.is

## PRENTVINNSLA:

Gutenberg

## UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Óflun ehf.,  
sími 533 4440

- 4** GUDRÚN BJÖRG BIRGISDÓTTIR:  
Frá ritstjórn
- 6** INGIMAR INGASON:  
Breytingar á félagatali nýliðins starfsárs
- 10** Lögmannafurvarpið umdeilda:  
Frá félagsfundi LMFÍ 22.janúar sl.
- 14** JÓHANNES RÚNAR JÓHANNSSON:  
Fáein orð um öflun lögmannsréttinda
- 16** EINAR KARL HALLVARÐSSON hrl.:  
Lögvirki — lögmaður — málflytjandi
- 20** Norræn endurmenntunarstofnun á sviði lögfræði
- 23** Af Merði lögmanni
- 24** GUNNAR JÓNSSON:  
Pistill formanns
- 26** EYRÚN INGADÓTTIR:  
Fréttir frá félagsdeild
- 27** Stofnun félags kvenna í lögmennsku:  
Helmingur kvenna í LMFÍ stofnfélagar
- 28** DÖGG PÁLSDÓTTIR:  
Reynsla af málf lutningi einskis metin?
- 33** GUÐMUNDUR SIGURÐSSON:  
Dómur Hæstaréttar 18. september 2003 í máli nr.  
520/2002. Tengsl skaðabótaréttar og bótaréttar frá  
almannatryggingum

Forsíðumynd: SIGRÚN V. MAGNÚSDÓTTIR

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.

Ritnefnd: Daði Bjarnason hdl., Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.,  
Einar B. Árnason hdl., Guðfinna J. Guðmundsdóttir hdl. og  
Gylfi Thorlacius hrl.



## FRÁ RITSTJÓRN

Allt er breytingum háð og á það sannarlega við um okkur lögmenn. Eins og allir vita þá liggur fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögmannaölgum og sýnist sitt hverjum um ágæti þess eins og efni þessa blaðs ber með sér og svo greinaskrif í fjölmiðlum. Sama hver afdrif frumvarpsins verða, hlýtur gagnrýnin umræða um frumvarpið að vera gagnleg fyrir þróun Lögmannafélagsins og framtíðarhlutverk þess. Á félagsfundinum 22. janúar kom berlega í ljós að ekki er víst að hagsmunir sjálfstætt starfandi lögmanna og annarra lögmanna fari saman í öllum tilvikum.

Blað þetta kemur nú út í fyrsta sinn undir ritstjórn höfundar þessa pistils. Mér til aðstoðar er ný ritnefnd sem er skipuð þeim Daða Bjarnasyni hdl., Einari Baldvini Árnasyni hdl., Gylfa Thorlacius hrl., Guðfinnu J. Guðmundsdóttur hdl. og Hrafnhildi Stefánsdóttur hrl. Okkur til aðstoðar eru eins og áður Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ, og Eyrún Ingadóttir, starfsmaður LMFÍ.

Til þess að Lögmannablaðið eigi tilveru rétt þurfa félagsmenn að vera tilbúnir til að skrifa greinar, skiptast á skoðunum í blaðinu og koma með ábendingar um efni sem áhugavert er að fjalla um og sem gagnast getur í störfum okkar. Án slíkra skoðana-



**Guðrún Björg  
Birgisdóttir**  
hdl.

skipta og ábendinga lögmanna verður blaðið lítið annað en bæklingur með myndum af fótbolta- mótum og fréttum af námskeiðum á vegum félagsins. Slíkt efni á vissulega rétt á sér og mun að sjálfsögðu áfram eiga sér sinn fasta stað í blaðinu.

Ritstjórnarstefna ritnefndar er sú að sérstaða þessa blaðs verði skýrari svo blaðið eigi ákveðinn tilveru rétt og sé lesið. Með þessu er ekki verið að breyta fyrri ritstjórnarstefnu á neinn hátt, þetta hefur verið markmið stjórnar LMFÍ og forvera minna í ritstjórarstarfi frá því útgáfa sérstaks Lögmannablaðs var ákveðin.

Störf okkar lögmanna felast að miklu leyti í skrifum um margvísleg málefni fyrir umbjóðendur okkar svo ekki ætti að velkjast fyrir neinum að skrifa pistil í blaðið eða koma ábendingum um hugðar efni á framfæri við ritnefndina.

Við sem höfum tekið að okkur umsjón þessa blaðs viljum að blaðið verði vettvangur fyrir félagsmenn LMFÍ til þess meðal annars að skiptast á skoðunum, koma á framfæri sjónarmiðum sínum og veita félagsmönnum gagnlegar upplýsingar. Slík markmið nást ekki nema fleiri en ritstjórn skrifi pistla í blaðið.

S P R O N



P L A T I N U M



## Fyrsta alþjóðlega Platinum debetkortíð í heiminum

### Mikilvægir viðskiptavinir

SPRON PLATINUM þjónustan er ætluð traustum einstaklingum sem eiga að jafnaði 750.000 króna inneign hjá SPRON. Í SPRON PLATINUM færð þú betri ávöxtun á debetkortareikningi og getur nýtt þér fjölda þjónustupáttanna án kostnaðar. Ávinningurinn er umtalsverður.

- Þinn eigin þjónustufulltrúi
- Vönduð fjármálaráðgjöf
- Frumkvæði í þjónustu
- Hagstæðir lánamöguleikar
- Listviðburðir
- Heimabanki
- Eignastýring á sérkjörum
- Innheimtuþjónusta
- 150 fríar debetkortafærslur
- Sértilboð á líf- og sjúkdómatryggingu
- Ítarleg viðskiptayfirlit
- Hærri vextir á inneign
- Greiðsluþjónusta
- Platinum kreditkort\*

\*háð útlánareglum SPRON

Hringdu í **550 1400** eða komdu í næsta útibú SPRON og upplifðu nýja hugsun í bankaþjónustu.

 **SPRON**  
SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS


# Breytingar á félagatali nýliðins starfsárs

(Tölur innan sviga eru frá fyrra starfsári)


Félagsmönnum í Lögmannafélagi Íslands heldur áfram að fjölga og eru þeir nú 667 (628) talsins, eða 39 (23) fleiri en í lok síðasta starfsárs. Nýir félagsmenn eru 50 (50), en af þeim

leystu 15 (21) til sín eldri málflytningsréttindi. Alls voru 11 (22) lögmenn teknir af félagaskránni. Á starfsárinu öðluðust 4 (5) félagsmenn réttindi til málflytnings fyrir Hæstarétti Íslands.

**Fjölgun félagsmanna í Lögmannafélaginu á tímabilinu mars 1994 til mars 2004.**



**Samsetning (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.**



Sé samsetning félagsmanna skoðuð kemur í ljós að héraðsdómslögmenn eru 449 (415) og hæstaréttarlögmenn 218 (213). Sjálfstætt starfandi lögmenn eru 347 (344) talsins og 85 (68) félagsmenn eru fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. 198 (181) lögmenn starfa hjá ýmsum fyr-

irtækjum og stofnunum, þar af 76 (72) hjá ríki eða sveitarfélögum og 122 (109) hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (af þeim 48 (45) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum). Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmennsstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum eru 37 (35) talsins.

# VEÐBÖND.IS

– NÝR VEFUR FYRIR VEÐBÖND FASTEIGNA OG ÖKUTÆKJA



Vegna breytinga á veðbandakerfi dómsmálaráðuneytisins verður núverandi fyrirkomulag á aðgengi fyrirtækja að veðbandaupplýsingum lagt niður í áföngum.

Breytingarnar taka gildi á þessu ári skv. eftirfarandi áætlun: Hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði 27. febrúar, Sýslumanninum á Ísafirði 12. mars og Sýslumanninum í Reykjavík 19. mars.

Veðbandayfirlit fasteigna og lausafjár hefur verið skilið í sundur með fyrrgreindum breytingum á umræddu kerfi.

**Áfram verða sömu upplýsingar veittar á Internetinu, en nú gegnum nýjan vef, [vedbond.is](http://vedbond.is). Um er að ræða nýja tengileið á Internetinu með betra viðmóti en áður.**


Sömu reglur um aðgangsheimildir munu gilda áfram og þarf viðkomandi fyrirtæki að nafngreina þá notendur sem skulu fá aðgang og senda með tölvupósti á [vedbond@skyrir.is](mailto:vedbond@skyrir.is).

Umræddar breytingar eru gerðar með það að markmiði að upplýsingar um veðbönd allra fasteigna á Íslandi fái stað einum stað. Þeir sem fá aðgang að þessari þjónustu eru skilgreindir í reglugerð um þinglýsingar.

Skýrr er eitt öflugasta þekkingarfyrirtæki Íslands. Skýrr býður fjölbreyttar lausnir og þjónustu á sviði upplýsingatækni. Fyrirtækið er sölu- og þjónustuaðili Oracle Corp., Business Objects, VeriSign og Cambio á Íslandi. Hjá samstæðunni starfa um 200 manns. Viðskiptavinir Skýrr eru um 2.200 talsins og meðal þeirra eru mörg stærstu fyrirtæki landsins, Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg. Örugg miðlun upplýsinga er kjarnastarfsemi Skýrr.




## Skipting (%) kvenkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Af félagsmönnum eru 147 (126) konur og hefur þeim fjölgað um 16,7% frá síðasta starfsári. Af þeim eru 16 (14) hæstaréttarlögmenn. 48 (45) konur eru sjálfstætt starfandi og 37 (27) konur eru fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. 62 (54) konur starfa hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 27 (25) hjá ríki eða sveitarfélögum og 35 (29) hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (þar af 16 (14) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum).

## Skipting (%) karlkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Af félagsmönnum eru 520 (502) karlar og fjölgaði þeim um 3,6% á starfsárinu. Af þeim eru 202 (199) hæstaréttarlögmenn. 299 (299) karlar eru sjálfstætt starfandi og 48 (41) starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. 136 (127) karlar starfa hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 49 (47) hjá ríki eða sveitarfélögum og 87 (80) hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum (þar af 32 (31) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum).

# ÁRSHÁTÍÐ

LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

verður haldin laugardaginn 27. mars,  
í Súlnasal Hótel Sögu, kl. 19:30.

Heiðursgestur: Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari.

Veislustjóri: Árni Vilhjálmsson, hrl.

Dagskrá: Hjálmar Hjálmarsson leikari ...eða


Haukur Hauksson fyrrverandi „ekki-fréttamaður“  
mun kynna nýjan baráttusöng lögmanna  
og fleira og fleira...

Síðast en ekki síst mun ástsælasta hljómsveit fyrir og síðar;

**STUÐMENN** túlka lögin!

Miðapantanir í síma 568 5620, í bréfsíma 568 7057 eða með  
tölvupósti á netfang: [eyrun@lmfi.is](mailto:eyrun@lmfi.is)

GREIDA ÞARF MIDA FYRIR 24. MARS.





# KERFISLEIGA

– ER HAGKVÆM OG ÖRUGG LAUSN



ÖRUGG MIÐLUN UPPLÝSINGA

## kerfisleiga skýrr

Kerfisleiga (ASP) gerir fyrirtækjum kleift að ná niður kostnaði og auka hagkvæmni við notkun og rekstur upplýsingatækni.

Með Kerfisleigu Skýrr fá viðskiptavinir aðgang að eigin vinnuumhverfi (*desktop*), gögnum og hugbúnaði gegnum öruggt umhverfi, sem er hýst og vaktað á miðlægum búnaði allan sólarhringinn.

Kerfisleiga Skýrr býður fastar mánaðargreiðslur. Fyrirtæki þurfa hvorki að leggja út í viðamiklar fjárfestingar í vélbúnaði í upphafi né fjárfrekan rekstur á honum í eigin umhverfi í kjölfarið.

Mögulegt er að reka nær allan Windows-hugbúnað hjá Kerfisleigu Skýrr. Þar má telja Microsoft Office og nær allar tegundir fjárhags- og mannauðskerfa, meðal annars Axapta, DK, Navision og TOK+.

Skýrr hefur áratuga reynslu af kerfisleigu og uppfyllir ströngustu kröfur atvinnulífsins um hagkvæmni, afköst, áreiðanleika, þjónustu og öryggi.

**Fáðu upplýsingar og tilboð í síma 569 5100 eða með því að senda póst til [kerfisleiga@skyrr.is](mailto:kerfisleiga@skyrr.is)**

### Fyrsta flokks þjónusta

- Aðgengi að vinnuumhverfi hvar sem er
- Aukin hagkvæmni og lægri kostnaður
- Áreiðanleiki, sveigjanleiki og vinnslafl
- Fastar greiðslur á mánuði
- Líftími útstöðva getur tvöfaldast
- Minni eða engin fjárfesting í miðlurum
- Rekstur Microsoft Office-hugbúnaðar
- Rekstur viðskiptahugbúnaðar fyrir Windows
- Sérfræðiþjónusta alltaf við höndina
- Útvistun í hæsta gæðaflokki
- Vöktun gegn tölvuinnbrotum
- Þjónustuborð opið allan sólarhringinn
- Örugg afritun og aðgengi gagna

SKYRR

## Lögmannafrumvarpið umdeilda

Óhætt er að segja að hið nýja frumvarp um breytingu á lögum um lögmennt nr. 77/1998, mælist misjafnlega fyrir meðal lögmannna. Þann 22. janúar sl. hélt LMFÍ félagsfund til að kynna efni frumvarpsins.

Fram kom í máli félagsmanna að þeim þætti undirbúningur frumvarpsins meingallaður og að dómsmálaráðuneytið hefði viðhaft slæg vinnubrögð.

Óánægja var með kröfur sem gerðar eru til lögmannna sem vilja öðlast réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti, breytingar á úrskurðarnefnd voru umdeildar og nokkrir lögmennt töldu að með þeim breytingum sem fram kæmu í frumvarpinu, á 12. og 29. gr. lögmannnalaganna, væri vegið að innanhússlögmenntum, þar sem þeim væri bannað að kenna sig við starfsréttindi sín.

Gunnar Jónsson, hrl., formaður LMFÍ, kynnti frumvarpið fyrir félagsmenntum og sagði að auk lögfestingar á staðfesturétti lögmannna og fjölgun háskóla sem geta útskrifað lögræðinga, sneru helstu breytingar á lögnum samkvæmt frumvarpinu, að úrskurðarnefnd lögmannna, öflun lögmansréttinda, bæði fyrir héraðsdómstólum og fyrir Hæstarétti, notkun lögmansstilsins, auk þess sem skerpt væri á heimildum Lögmannafélagsins í tengslum við eftirlitshlutverk þess. Einnig væri að finna tiltekna orðalagsbreytingar sem ráðuneytið hefði talið nauðsynlegt að gera.

Gunnar gerði grein fyrir þeim ákvæðum lögmannnalaganna sem koma til með að breytast, verði frumvarpið samþykkt, og rakti stuttlega þau sjónarmið sem að baki þeim liggja, bæði frá sjónarhóli ráðuneytisins og félagsins. Hann benti hins vegar á að þrátt fyrir að félagið hefði verið þátttakandi í gerð frumvarpsins væri margt í því sem stjórn LMFÍ hefði kosið að hafa með öðrum hætti. Þannig hefðu ekki allar tillögur félagsins náð fram að ganga né heldur hefði tekist að hindra allt sem ráðuneytið hafi sett fram og félagið ekki talið rétt að taka inn í frumvarpið. Þá hafi ráðuneytið gert veigamiklar breytingar á frumvarpsdrögnum eftir að félagið taldi að endanleg útgáfa lægi fyrir. Því hafi efni þess frumvarps sem lagt var fram á Alþingi komið stjórninni nokkuð á óvart. Stjórnin gæti því ekki tekið heilshugar undir þá fullyrðingu, sem kemur fram í greinargerð, um að frumvarpið hefði verið unnið sameiginlega af starfsmönnum dómsmálaráðuneytisins og stjórn Lögmannafélags Íslands. Hins vegar ætlaði stjórnin ekki að þvo hendur sínar af því að hafa komið að samningu frumvarpsins.

### Óánægja lögmannna með frumvarpið.

Flestir þeirra fundarmanna sem tóku til máls lýstu óánægju með frumvarpið eða einstaka þætti



Þess. M.a. lýsti Jakob R. Möller hrl., þeirri skoðun sinni að undirbúningur frumvarpsins væri meingallaður. Þótt samráð hafi verið haft við stjórn félagsins væri ljóst að starfsmenn dómsmálaráðuneytis hafi algjörlega ráðið gerð þess. Jakob taldi vafa leika á því að starfsmenn dómsmálaráðuneytis, sem áttu þátt í samningu frumvarpsins, hafi haft þá þekkingu og yfirsýn sem nauðsynleg væri til þess að semja frumvarp um störf og réttindi lögmanna. Kvaðst Jakob geta sætt sig við þær breytingar sem lagðar væru til í frumvarpinu varðandi staðfesturéttinn, úrskurðarnefndina og kröfur um öflun málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi. Að öðru leyti væri engin nauðsyn á lagabreytingum á yfirstandandi löggjafarþingi.

### Úrskurðarnefnd lögmanna

Umræður urðu um úrskurðarnefnd lögmanna en Gestur Jónsson hrl., formaður úrskurðarnefndar, lýsti sig mótfallinn því að fækka nefndarmönnum til að draga úr kostnaði félagsins af rekstri hennar. Nefndin fengist við um 40 mál á ári og vart væri hægt að bjóða þremur nefndarmönnum upp á að vinna sama fjölda mála á sömu launum og fimm nefndarmenn gera nú. Þá væri tilverugrundvöllur Lögmannafélagsins undir þessu eftirlitsvaldi kominn. Róbert Árni Hreiðarson hdl., lýsti hins vegar þeirri skoðun sinni að leggja bæri úrskurðarnefnd lögmanna niður. Lögmenn ættu, líkt og aðrir, að vera ábyrgir gerða

sinna og réttindi þegnanna væru tryggð með þar til bærum yfirvöldum, þ.e. lögreglu og dómstólum. Með því að leggja nefndina niður væri ákveðinn vandi félagsins leystur.

### Breytingar á öflun réttinda til málflutnings fyrir Hæstarétti

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að til að fá réttindi sem hæstaréttarlögmaður þurfi lögmaður að hafa flutt 40 mál fyrir héraðsdómi og fjögur prófmál í Hæstarétti fyrir 5 eða 7 manna dómi. Gert er ráð fyrir að prófnefnd sú sem er í núgildandi lögum, verði felld niður. Fundarmenn voru ekki á eitt sáttir með þessar breytingar og kom fram tillaga frá Sveini Skúlasyni hdl., um undanþáguákvæði þannig að héraðsdómslögmennt, sem hefðu starfað samtals í 10 ár, gætu fengið undanþágu frá prófraun fyrir Hæstarétti. Þessi hópur hefði ríka reynslu af þeim störfum, sem réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður veita, og málflutningur í Hæstarétti væri mun einfaldari en málflutningur í héraði þar sem lögmaður væri búinn að undirbúa allt málið frá grunni.

Jón Steinar Gunnlaugsson hrl, kvaðst ánægður með þá breytingu sem frumvarpið fæli í sér varðandi niðurfellingu prófnefndar enda hefði sú nefnd sett fótinn óhæfilega fyrir þá sem stefnt hefðu að því að afla sér þeirra réttinda. Hins vegar væri hann mótfallinn því að fjölga munnlega fluttum málum úr 30 í 40 og prófmálum úr 2 í 4,



eins og lagt væri til í frumvarpinu.

Einar Karl Hallvarðsson hrl., taldi ekki vera þann mun á störfum héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannanna sem réttlættu þær ríku hindranir til takmörkunar á öflun málflytningarréttinda fyrir Hæstarétti. Hjördís Harðardóttir hdl., sagði þessar breytingar takmarka verulega starfsréttindi lögmanna.

### Undanþágulögmenn

Staða lögmanna sem eru með undanþágu frá skyldum 1. mgr. 12. gr. lögmannaalaganna var fundarmönnum ofarlega í huga og töldu margir vegið að réttindum þessara félagsmanna í frumvarpinu. M.a. lýsti Einar Karl Hallvarðsson hrl., þeirri skoðun sinni að ekki ætti að skipta máli hvort viðkomandi væri sjálfstætt starfandi lögmaður eða undanþágulögmaður. Réttindin sem slík væru útgangspunkturinn og með banni tiltekins hóps lögmanna á notkun titilsins væri verið að setja skorður við atvinnufrelsi manna og jafnvel takmarka tjáningarfrelsi. Benti Einar Karl á að í lögin vantaði útlistun á því hvað væri að vera lögmaður, þ.e. að sinna hagsmunagæslu fyrir dómi.



Helgi Birgisson hrl., var fundarstjóri.



Jakob Möller hrl.



Gestur Jónsson hrl.

Guðmundur Pétursson hrl., taldi hins vegar 12. gr. laganna slæma og hafa gert það að verkum að í raun væru tvær deildir innan Lögmannafélagsins. Fjölgun undanþágulögmanna væri staðreynd en stjórnir félagsins hefðu hins vegar brugðist rangt við og í raun barist gegn þessum hópi lögmanna. Taldi Guðmundur að þörf væri á endurskoðun frumvarpsins í heild sinni.

### Naflaskoðun LMFÍ

Í lok fundarins sagði Gunnar Jónsson formaður það ljóst að félagið yrði að fara í vissa naflaskoðun, enda væru tvenns konar starfsréttindi í gangi og ólíkir hagsmunir stönguðust á. Lýsti Gunnar því jafnframt yfir að stjórn félagsins myndi taka frumvarpið upp við dómsmálaráðherra og allsherjarnefnd. Ljóst væri að meira samstarf við samningu ásætlanlegs frumvarps væri grundvallaratriði.

### Eftirfarandi tillögur voru samþykktar á fundinum:

„Fundurinn skorar á stjórn félagsins að óska eftir því við dómsmálaráðherra, að hann

beiti sér fyrir því að frumvarpinu verði breytt í meðförum þingsins sem hér segir:

„Niður verði felldar allar greinar frumvarpsins aðrar en þær sem nú verða taldar: 1. gr., 2. gr., 3. gr., 1., 3. og 4. mgr. 4. gr. svo og 15. til 17. gr. og 19. til 20. gr.”

Fundurinn beinir því til stjórnar LMFÍ að hún skipi nefnd 9 félagsmanna undir forystu formanns félagsins og hafi nefndin það verkefni að gaumgæfa nauðsynlega heildarendurskoðun á lögmannalögum. Í starfi nefndarinnar verði einkum kannað, hvernig félagsaðild og handhöfn lögmannsréttinda verði bezt fyrir komið og þar hafðar til hliðsjónar tilgangsskyldur félagsins samkvæmt 2. gr. samþykktu þess. Starfi nefndarinnar skal ljúka með gerð tillagna um breytingar á lögmannalögum og eftir atvikum samþykktum félagsins. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en svo, að tillögur hennar verði lagðar fyrir aðalfund félagsins 2005.

Áskorun til stjórnar Lögmannafélags Íslands, um að leggja til við dómsmálaráðherra eftirfarandi breytingu á nágildandi lögum nr. 77/1998 um lögmenn:

„Við 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1998 bætist nýr málslíður:

Þá getur ráðherra með sama hætti vikið frá 4. tl. 1. mgr. ef umsækjandi hefur starfað sem hér- aðsdómslögmaður samtals í 10 ár.”

**KB BANKI**

## Aðalfundur

**Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 2004 verður haldinn föstudaginn 26. mars nk., kl. 14:00 í Skála, Radisson SAS Hótel Sögu.**

### Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 8. gr. samþykktu fyrir Lögmannafélag Íslands.
2. Reglur um endurmenntun lögmanna.
3. Kosning í stjórn Námssjóðs og bókasafnsnefndar.
4. Önnur mál.

**Að loknum aðalfundi LMFÍ verður haldinn aðalfundur félagsdeildar LMFÍ.**

### Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 6. gr. reglna um félagsdeild LMFÍ.
2. Tillaga stjórnar um breytingu á reglum félagsdeildar LMFÍ.
3. Önnur mál.

Stjórn Lögmannafélags Íslands

# Fáein orð um öflun lögmannsréttinda



**Jóhannes Rúnar  
Jóhannsson**

hrl.

Lögmannsstarfið er afskaplega krefjandi starf og oftar en ekki vanmetið. Sá sem því gegnir þarf að búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu á sviði lögfræði en auk þess gerir starfið margvíslegar aðrar kröfur til viðkomandi, s.s. um skarpa hugsun, víðsýni, útsjónarsemi, skipulagshæfileika, ábyrgðarkennd, sjálfsögun og færni í mannlegum samskiptum. Ábyrgð lögmannna er sömuleiðis mikil og mistök geta verið kostnaðarsöm. Það er því afar mikilvægt að vel sé staðið að undirbúningi lögmannsefna og að mínu mati brýnt að hvergi verði vikið frá þeim kröfum sem hingað til hafa verið gerðar í þessu efni.

Ákvæði 4., 5. og 6. gr. frumvarps dómsmálaráðherra til laga um breytingu á lögum um lögmennt nr. 77/1998 hafa sætt gagnrýni af hálfu lögmannna og laganema, en í þessum ákvæðum er fjallað um öflun starfsréttinda lögmannna í héraði og fyrir Hæstarétti. Eitt af því sem gagnrýnt hefur verið eru skilyrðin um lágmarksstarfsreynslu lögmannsefna áður en þau fá að þreyta prófraun til héraðsdómslögmannsréttinda. Hefur því meðal annars verið stillt upp þannig að þessi ákvæði frumvarpsins séu sett til höfuðs laganemum við lagadeild Háskólans í Reykjavík og að verið sé að vernda hagsmuni lögmannna með þeim hætti að takmarka aðgang að lögmannastéttinni. Hvort tveggja er alrangt að mínu mati.

Ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að gera þá kröfu til þeirra sem sækja námskeið til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda, og þreyta þá prófraun, að þeir hafi aflað sér nokkurrar þekkingar á störfum lögmannna og ekki síður starfsreynslu áður en þeir öðlast lögmannsréttindi.

Ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að gera þá kröfu til þeirra sem sækja námskeið til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda, og þreyta þá prófraun, að þeir hafi aflað sér nokkurrar þekkingar á störfum lögmannna og ekki síður starfsreynslu áður en þeir öðlast lögmannsréttindi.

ekki síður starfsreynslu áður en þeir öðlast lögmannsréttindi. Þessi skoðun mín hefur ekkert með tilkomu lagadeildar Háskólans í Reykjavík að gera enda þekki ég þá deild, kennara hennar og nemendur, af eigin raun og hef mikla trú á því starfi sem þar fer fram ekki síður en á starfi lagadeildar Háskóla Íslands. Þá get ég heldur ekki séð að það geti verið hagsmunir lögmannna sem nú þegar stunda sjálfstæðan rekstur að takmarka aðgengi að stéttinni. Þeir hafa þvert á móti hag af því að þeir fulltrúar sem þeir ráða

til starfa hafi lögmannsréttindi eða að þeir afli sér þeirra eins fljótt og kostur er.

En hvað er það þá sem kallar á skilyrði um tiltekna starfsreynslu áður en prófraun til héraðsdómslögmannsréttinda er þreytt og hagsmuni hverra er verið að gæta? Svárið er einfalt í mínum huga. Það eru fyrst og fremst hagsmunir viðskiptavina lögmannna sem eru í húfi, en einnig hagsmunir lögmannna sjálfra og laganema. Það eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra að hér á landi starfi aðeins góðir og vandvirkir lögmennt sem eru vel í stakk búnir til að uppfylla margbreytilegar þarfir og kröfur viðskiptamanna á hverjum tíma.

Hagsmunir viðskiptamanna lögmannna krefjast þess að lögmennt hafi yfir að ráða viðamikilli þekkingu og færni. Þekkingar má að nokkru leyti afla með námskeiðum, en færnin fæst einungis með reynslu. Þegar ég hóf störf í lögmenntsku var mér tjáð af mér reyndari mönnum að það myndi taka mig þrjú ár að öðlast lágmarksfærni í faginu. Mér þótti þetta langur tími á þeirri stundu en eftir á sé ég að þessi orð voru á engan hátt ýkjur.

Góður lögmáður verður hvorki til á sex vikum né sex mánuðum. Til þess þarf lengri tíma, ríkan vilja, ákveðni, þolinmæði og metnað og síðast en ekki síst fjölbreytt og krefjandi verkefni. Ég hef þá trú að lágmarksstarfstími áður en prófraun til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda er þreytt muni skila okkur hæfari lögmönnum þegar fram líða stundir. Ég tel þetta skilyrði því fullkomlega réttlæt看legt og í mínum huga er jafnframt ljóst að reynslutíminn getur ekki verið skemmri en sex til tólf mánuðir.

Skilyrði réttinda til að verða hæstaréttarlögmaður samkvæmt 6. gr. frumvarpsins hafa einnig sætt gagnrýni. Á sama hátt og varðandi héraðsdómslögmannsréttindin þá er skilyrðum 1.-4. töluliðar 1. mgr. 6. gr. ætlað að tryggja að héraðsdómslögmennt hafi öðlast ákveðna færni í störfum sínum áður en þeir öðlast hæstaréttarlögmannsréttindi. Í mínum huga er álitamál hvort rétt sé að skipta starfsréttindum lögmanna upp með þeim hætti sem gert hefur verið hér á landi og hvort rétt sé að gera kröfu til þess að héraðsdómslögmennt þreyti tiltekna prófraun áður en þeir eiga þess kost að flytja mál fyrir Hæstarétti Íslands. Fyrir þessu fyrirkomulagi er þó löng hefð og ljóst að henni verður ekki breytt án verulegrar umræðu og samstöðu meðal lögmanna.

Það er mjög jákvætt í mínum huga að það huglæga mat sem hingað til hefur ráðið því hvaða mál teljast tæk prófmál fyrir Hæstarétti verði afnumið. Ég efast þó ekki um góðan hug þeirra einstaklinga sem sinnt hafa þessu mati til þessa, en framhjá hinu verður ekki horft að mat þeirra hefur í sumum tilvikum ekki verið óseikult. Ég tel því til mikilla bóta að taka upp hlutlægar reglur varðandi skilyrði til öflunar hæstaréttarlögmannsréttinda.

Um það má endalaust deila hvort starfstími samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 6. gr. skuli vera þrjú eða fimm ár, lágmarksfjöldi munnlegra fluttra mála í héraði samkvæmt 3. tölulið sömu greinar skuli vera þrjátíu eða fjörutíu og hvort fjöldi prófmála fyrir Hæstarétti samkvæmt 4. tölulið skuli vera tvö, þrjú eða fjögur mál. Ég get vel skilið sjónarmið þeirra lögmanna sem halda því fram að skilyrði frumvarpsins að þessu leyti séu of ströng, en hef ekki sjálfstæða skoðun á því við hvað skuli miða í þessu efni. Vonandi finnst viðunandi lausn varðandi þessi atriði.

Ég vil að lokum lýsa stuðningi mínum við þá samþykkt sem gerð var á félagsfundum Lögmannafélags Íslands fyrir skömmu þess efnis að mynduð verði sérstök nefnd innan félagsins sem hafi það verkefni að gaumgæfa nauðsynlega heildarendurskoðun á lögum um lögmenn.



## Norræna málfutningskeppnin

MÁLFLUTNINGSKLÚBBURINN LÖGBERG vinnur nú hörðum höndum að undirbúningi 20. Norrænu málfutningskeppninnar, sem haldin verður í Reykjavík 11. til 13. júní nk. Von er á nærri 200 manns vegna keppninnar; laganemum, lögmönnum, háskólakennurum og dómurum við Mannréttindadómstól Evrópu og æðstu dómstóla Norðurlandanna. Samtals eru keppendur um 70. Keppnin verður haldin í húsnæði héraðsdóms Reykjavíkur og í Hæstarétti. Í verkefninu reynir á

Keppendur og fræðilegir leiðbeinendur. Efri röð: Heiða Björg Pálmadóttir, Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir, Kristín Benediktsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara og Björg Thorarensen, prófessor. Neðri röð: Þórunn Pálína Jónsdóttir, Hervör Pálsdóttir, Sesselja Sigurðardóttir og Ari Karlsson

réttindi manns samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu, en eignir hans voru frystar á grundvelli reglugerðar Evrópusambandsins sem sett var í kjölfar hryðjavekanna 11. september 2001. Um þessar mundir sitja íslensku keppendurnir sex og semja greinargerðir sóknar og varnar, með aðstoð keppenda fyrri ára og undir stjórn fræðilegra leiðbeinenda. Formaður málfutningsklúbbsins undanfarin 9 ár er Sif Konráðsdóttir hrl. og heiðursformaður er Gunnar Helgason hrl. Keppnin hefur notið stuðnings Lögmannafélagsins, dómsmálaráðuneytisins, lögmanna, fyrirtækja og stofnana.

# Lögvirki

## - lögmaður - málflytjandi



**Einar Karl  
Hallvarðsson**

hrl.

Ritstjóri Lögmannablaðsins fór þess á leit við mig að setja niður á blað hvernig nýtt lögmannafrumvarp horfði við lögmonnum sem væru á undanþágu frá skilyrðum 1. mgr. 12. gr. lögmannalaga. Ég hef haft sterkan grun um að ég sé með slíka undanþágu. A.m.k. hét ég því í bréfi til Lögmannafélags Íslands (LMFÍ), sem ég sendi í marsmánuði 1999, að ég myndi ekki hagnýta réttindi mín nema vegna flutnings þeirra mála sem mér væru falin á grundvelli laga um ríkislögmann og sótti um undanþáguna. Mig langar að fjalla um þá nýju hugmynd að lögmaður með undanþágu frá skilyrðum 1. mgr. 12. gr. laganna megi ekki kalla sig lögmann almennt og fara á svoltið flug út frá því. Vinur minn sem var ritstjóri Lögmannablaðsins sagði mér þegar blaðinu var ýtt úr vör að hér gætu menn ritað greinar án þess að opna bók. Ég vil nota þetta fyrirheit mest megnis og að auki lögskýringaraðferðir þar sem skoðanir mínar eru í öndvegi.

Þegar frumvarp til breytinga á lögum um lögmennt var kynnt rak ég augun í það nýmæli á tveimur stöðum að þeir sem væru á undanþágu mættu ekki nota starfsheitið lögmaður, hdl. eða hrl. nema þegar komið væri fram fyrir hönd vinnuveitandans sem undanþágan grundvallaðist á og snerti hagsmunum hans. Brot skuli varða sektum! Á fundi LMFÍ sem haldinn var til kynningar á frumvarpinu kom fram hjá formanni félagsins að hugmynd þessi væri frá LMFÍ og að þetta væri ekki efnisbreyting að hann taldi. Þótti mér hið síðarnefnda ekki sannfærandi. Sitthvað er að hagnýta réttindi til að gæta hagsmuna aðila fyrir dómi og hitt að segja við einhverjar aðstæður við hvað maður starfar eða hver réttindi maður hefur. Mér finnst einfaldlega að maður megi segja frá því hvenær sem er og hverjum sem er hvers

konar réttindi maður hafi. Við alls kyns aðstæður getur maður haft ástæðu til þess, t.d. ef maður skrifar grein, heldur fyrirlestur, kennir eða sækir um starf svo eitthvað sé nefnt – eða lætur í té álit. Reyndar tel ég að lögmaður sem ritar álitsgerð og rúkkar fyrir þá vinnu sé alls ekki að hagnýta lögmannsréttindi – hann er að vinna lögfræðilega rannsókn. Ég skil hreinlega ekki hvað rekur menn til að banna öðrum að segja hvað þeir starfa við og hvers konar atvinnuleyfi

þeir hafi aflað sér. Af hverju er það svona hættulegt? Væri eðlilegt að banna lögmanni að nota heitið „lögmaður“ eða skammstafanir sama efnis þegar hann kærir ákvörðun skattstjóra fyrir hönd umbjóðanda síns? Væri eðlilegt að banna honum að nota þessi heiti þegar hann sendir fyrir hönd umbjóðanda síns innheimtubríf, yfirlýsingu um riftun, gerir áreiðanleikakönnun (hvað sem það nú er), kærir ákvörðun til æðra stjórnvalds o.s.frv.? Allt það sem talið var upp eru viðfangsefni þar sem engin lögmannsréttindi þarf til. Ef banna á eitthvað í þessum efnunum er þá ekki eðlilegt að ganga alla leið og banna alla notkun starfsheitanna nema þegar menn eru beinlínis að starfa í krafti þeirra? Hvenær þarf að banna?

Lái mér hver sem vill, en mér hefur stundum þótt sem LMFÍ legði meiri áherslu á að gæta hagsmuna þeirra sem teldust til „sjálfstætt starfandi lögmannna“, en annarra sem munu vera kallaðir innan húslögmennt í daglegu tali. Ég er þó ekki viss. Í mínum huga er það lykilatriði ef skylduáðild er að LMFÍ, að félagið gæti hagsmuna allra félagsmanna og ég vona að sú sé raunin. Mér finnst skylduáðild að lögmannafélagi reyndar óheppileg. Mér finnst það líka óeðlilegt að úrskurðarnefnd um störf lögmannna starfi í tengslum við einkaaðila en ekki sem sjálfstæð



óháð stjórnýslunefnd ef menn eru á annað borð hrifnir af úrskurðarnefndum, sem á síðustu árum hafa sprottið upp eins og gorkúlur á haug.

Sjálfstætt starfandi lögmaður er að verða svolítið þreytt hugtak. Það er ekki geirnegltagahugtak nema e.t.v. að hluta til úr skattalögum. Sennilega er það sá sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. 12. gr. lögmannalaga, en viðkomandi er þá ekkert endilega sjálfstæður. Sjálfstæði þess sem rekur lögmannsstofu t.d. í félagiformi, með mörgum öðrum, er vissulega takmarkað af hugmyndum og vilja meðeigenda hans. Í mínum huga er sá sjálfstætt starfandi lögmaður sem getur unnið sjálfstætt og beitt vísindalegri þekkingu sinni, hvort sem hann er launþegi, aðili að félagi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur. – Þannig er lögmannsstarfið, a.m.k. hagsmunagæsla fyrir dómi, eins og ég þekki til. Það má auðvitað líka segja að sá sé sjálfstætt starfandi lögmaður sem getur almennt valið sér verkefni og viðskiptamenn eða sagt stopp þegar hugmyndir þeirra keyra um þverbak. Geta allir „sjálfstætt starfandi lögmennt“ það? Mín reynsla af þeim störfum þar sem maður er að hagnýta lögmannsréttindi, þ.e. að gæta hagsmuna annars aðila fyrir dómi, er fyrst og fremst sú hversu erfitt þetta starf er. Það krefst einbeitingar og útheimtir mikla vinnu ef vel á að vera – réttindin duga ekki ein sér. Eru atvinnuréttindi eitthvað annað en opinbert fyrirheit um að maður eigi að kunna til verka á tilteknu sviði? Þegar lögmannalögin frá 1998 komu til framkvæmda þótti mér sorglegt að lesa sífellt um það í Lögbirtingablaðinu að ungir, frambærilegir lögfræðingar væru að labba með nýfengin lögmannsréttindi aftur í dómsmálaráðuneytið til að afsala sér þeim! Einhvers konar leikhús fáránleikans, þótti mér.

Lögmennt þurfa að hafa skrifstofu opna almenningi. Það er lagaboð! Er það ekki sjálfsprottin þörf, ef einhver ætlar að stunda hefðbundin lögfræðistörf fyrir aðra, t.d. lögmannsstörf, að hann opnar skrifstofu? Hvað með klæðnað? Er það á hinn bóginn eitthvað verri lögmannsþjónusta í sjálfu sér þar sem boðleiðir eru aðrar t.d. sími og tölvupóstur og fundaraðstaðan bordkrökur á heimili lögmannsins? Ég er sann-

færður um að góð lögmannsþjónusta byggir á því að þekking, heiðarleiki og starfsorka sé til staðar. Ég ímynda mér að frá sjónarhóli neytenda beri að sama brunni. Sá sem þarf aðstoð við lögfræðileg vandamál hlýtur að vilja leita til þess sem kann til verka, hvort sem hann vinnur hjá endurskoðunarfyrirtæki, svokallaðri lögmannsstofu eða bara heima hjá sér eftir kvöldmat. Er það ekki náttúruleg lögfræðingastofa? Þær eru margar glæsilegar lögmannsstofurnar á Íslandi. Ég tók mér eitt sinn tíma í að safna í „Uppáhaldið“ á netinu heimasíðum lögmannsstofa. Þær voru hver annarri glæsilegri og báru eigin eigin gott vitni. Ég trúir því ekki að þessar frambærilegu stofur þrífist í skjóli einhversrar lögþvingaðrar hagsmunagæslu, heldur hlýtur það að stafa af verðleikum þeirra sem að þeim standa. Æskuvinnur minn hefur í tvígang leitað til mín með lögfræðileg vandamál. Þau voru af þeirri stærðargráðu að fjárhagur fjölskyldunnar gat verið í uppnámi. Hann hefur mikla trú á þessum vini sínum sem er lögmaður og er sífellt

að flytja mál. En heldur þótti honum það kyndugt þegar þessi lögmannsnefna ráðlagði honum í bæði skiptin að leita á lögmannsstofu. Ég er sannfærður um að það var rétt ráðgjöf og í bæði skiptin fengu málin afar farsælar lyktir.

Þegar það kom í lög að lögmennt þyrftu að hafa allt í senn; opna skrifstofu, vörslufjárreikning og tryggingu fyrir skaða sem þeir valda öðrum, fann ég til einhvers konar sektarkenndar tilheyrandi þessum hópi með málflutningsréttindi. Ég man að Arnljótur kenndi að lögboðin váttryggingarskylda var einkum við lýði þar sem aðstæður eru sérstaklega hættulegar. En ekki nóg með það, skylda þyrfti lögmennt af öllum öðrum til að hafa fé annarra manna á sérreikningi. Hafi einhver dröslast gegnum kennslu í refsirétti og þar að auki lokið embættisprófi í lögum tel ég það einboðið, án þess að sérstök lagaskylda þyrfti til að koma. Ég held að þeir sem hneigjast til að stela peningum annarra láti reglur um vörslufjárreikninga ekkert trufla sig. Af öllum stéttum þyrftu lögmennt á þessum lagaboðum að halda að mati löggjafans – ekki lögfræðingar, sem sinnt geta öllum þessum margbreytilegu störfum sem lögmannsréttindi þarf ekki til.

Í mínum huga er það lykilatriði ef skylduáðild er að LMFÍ, að félagið gæti hagsmuna allra félagsmanna og ég vona að sú sé raunin.

Ef maður er á undanþágu frá því að hafa vörslufjárreikning, opna skrifstofu og tryggingaskyldu, og hefur gengist undir að nýta ekki réttindin í annarra þágu en vinnuveitandans, þá hlýtur að vera hægt að treysta lögfræðingi til þess að fara eftir lagaboðinu. Þarf virkilega að banna manni með undanþágu að kalla sig lögmann ef hann vinnur við það sem felst fyrst og fremst í lögmannsréttindum? Það er að sama skapi skrytið að skilyrðin sem talin eru upp í 1. mgr. 12. gr. lögmannalaga tengjast sennilega oftast viðfangsefnum sem engin lögmannsréttindi þarf til að gegna, - síður málf lutningsstörfunum. Maður með embættispróf í lögfræði (e.t.v. meistaraþróf og doktorspróf þar að auki), en ekki lögmannsréttindi má að líkindum opna stofu og veita lögfræðilega þjónustu af margvíslegu tagi, t.d. semja um bæt看 fyrir umbjóðanda sinn og taka við þeim samkvæmt umboði. Hann þarf ekki að uppfylla þessi skilyrði 1. mgr. 12. gr. lögmannalaga einfaldlega vegna þess að hann telst ekki lögmaður. Að því gefnu að þessar fullyrðingar mínar haldi, þá er þetta a.m.k. allt orðið svolítið öfugsnúið og spurningin er þá sú hvort þetta snúist þá allt um það að vernda sjálfstætt starfandi lögmennt gegn áreiti annarra lögfræðinga. Snýst þetta allt um að merkja sér svæði og er aðferðin árangursrík?

Lífið og sálin í lögmannsréttindum er heimildin til að gæta hagsmuna annars aðila fyrir dómi. Lögmannalögin hafa ekkert breyst að þessu leyti og galdurinn í lögmannsréttindum liggur þarna. Það er aðallega fjallað um þetta í 2. gr. og svo glittir í þetta í 2. mgr. 11. gr. þar sem fjallað er um heimildir lögmannsfulltrúa. Í kaflanum um störf lögmannna virðist hagsmunagæsla fyrir dómi vera aðalatriðið. Margt í lögunum finnst mér fjalla um það hvernig útiloka á hæfa einstaklinga frá því að vera stunda „lögmenntsku“ og svo hitt hvernig forða megi alþýðu manna frá ófarnaði ef leitað er til lögmannna með lögfræðileg vandamál. Það vantar í lögin og frumvarpið hvatninguna til góðra verka. Af hverju er t.d. framhaldsmenntun ekki gert hærra undir höfði? Hefur einhverjum dottið í hug að láta doktorspróf í lögfræði hafa einhverja þýðingu í lögmannalögum? Mér dettur í hug að héraðsdómslögmennt með doktorspróf í lögfræði þyrftu bara að flytja eitt prófmál fyrir Hæstarétti að öðrum skilyrðum uppfylltum. Eða er hættulegt að hleypa svoleiðis fólki að og hugmyndin alveg klikkuð? Gæti kannski gengið ef skipuð yrði nefnd manna án doktorsprófs til að meta hvort doktorsprófið væri nógu gott.

Lögin eru þannig að enginn má reka félag um lögmannsstofu nema vera lögmaður. Kostur er á undanþágu, en ekki fyrir en LMFÍ hefur skeggrætt um hvort sérstök þörf sé á því. Í lögum um endurskoðendur eru systurákvæði um þetta mun rýmri sýnist mér. Er það fráleitt að rípulagningameistari eigi fyrirtæki til hálfis við rafvirkja, þar sem þeir bjóða upp á ýmsa þjónustu í iðngreinum sínum? Þekkjja menn löggilta endurskoðendur sem vinna við bókhaldsaðstoð, skattaráðgjöf eða fyrirtækjaráðgjöf sem launþegar hjá lögmanni? Kann að vera, en ég man ekki eftir neinum – örugglega fátítt. Eru líkur á að góður endurskoðandi vilji dvelja langdvölum í starfi hjá lögmanni, án þess að eignast nokkurn tíma hlutdeild í atvinnurekstrinum? – Sennilega ekki, hann finnur hæfileikum sínum annan vettvang. En svo eru til nokkrir lögmennt sem vinna hjá endurskoðunarfyrirtækjum og býsna margir lögmennt vinna undir stjórn viðskiptafræðinga. Getur verið að þarna sé komin fram ein afleiðing mislukkaðrar hagsmunagæslu hinnar „sjálfstæðu lögmannastéttar“? Af hverju eru ekki til stór lögfræðifirma sem bjóða alhliða rekstraráðgjöf og lögmannsþjónustu? Getur verið að hagsmunagæsla útvalinna manna með lögmannsréttindi sé á endanum að mála stéttina út í horn? Ég tel að stéttahagsmunagæsla hafi oftast en ekki þveröfug áhrif en látið er í skína og sennilega er hún kjörlendi fyrir þá sem nenna ekki að standa sig allt of vel í starfi.

Mér finnst rangt að maður með lögmannsréttindi megi ekki segja og skrifa hvers konar atvinnuréttindi hann hefur. Hver verður glaður þegar ég borga sektina fyrir að hafa sagt eða skrifað að ég væri með lögmannsréttindi? Og hugsar: „þetta var sko mátulegt á hann, óskaplega geta menn verið forherfir – vissi ekki að hann gæti átt þetta til, og hann sem er hæstaréttarlö... úbs!“ Algleymi okkar samfélags virðist vera komið á þegar mannteg eðli er að fullu fært í letur Stjórnartíðinda. Ef tæknin gerði hugmyndasmiðum lög-gjafarinnar kleift að banna fólki að hugsa að það hefði lögmannsréttindi, yrði þá regla þess efnis sett í lög? Nýmæli frumvarpsins sem ég hef verið að agnúast út í eru vísbending um til hvers menn gætu verið líklegir. Þau afhjúpa hagsmunagæslu sem er gengin út í öfgar.

## Námskeið á vorönn

### Enska í alþjóðlegum viðskipta-samningum

Áhersla verður lögð á fagorðaförða sem tengist alþjóðlegum lánasamningum, vörusamningum og samningum sem snúa að atvinnuleyfum og einkaumboðum. Einnig verður farið yfir sértæk orð og frasa sem koma almennt fram í samningum og rætt um mun á bandarískum og breskum lagaorðum.

Kennari: Erlendína Kristjánsson lögfræðingur og enskukennari.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Rvík.

Tími: Alls 4 klst. Mánudagur 10. maí og fimmtudagur 13. maí kl. 16:30-18:30.

Verð: kr. 14.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 11.000,-

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang eyrun@lmfi.is

## RENATA EHF ÞÝÐINGAR OG TÚLKUN

**RENATA ERLENDSSON**  
lögilltur dómtúlkur og skjalapýðandi

ÞÝSKA - ENSKA - RÚSSNESKA  
VÖNDUÐ VINNUBRÖÐ  
ÁRATUGA REYNsla

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík  
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h. – 562 2562 v.  
GSM: 898 0904  
Fax: 562 2517

nashuatec

# Kauptu tímalausa hugmynd

Nýjasta tækni frá Nashuatec sannar að góð hugmynd er tímalaus hafi menn kunnáttu og dug til að nýta hana. Nashuatec-samstæðan er fjölnota tæki sem kristallaðist úr hugmynd sem mannsheilinn setti saman af sinni einstöku snilld - samstæðu einstakra verkfæra. Að ljósrita, prenta, faxa eða skanna eru aðeins nokkrir sjálfsagðir eiginleikar Nashuatec-samstæðunnar.

Ljósrita eða prenta A3 eða minna, beggja vegna í lit eða hvortveggja í einu. Skanna eða faxa, hefta – eða senda beint með tölvupósti í fullum lit. Hér er ekki aðeins um að ræða samskipti á pappír, heldur einnig rafræn samskipti yfir innri vefi fyrirtækja eða veraldarvefinn. Þetta er Nashuatec-samskiptatæknin eins og hún gerist best. Hún er sköpuð fyrir hagræði og betri samskipti á nútíma skrifstofu.

**Hafðu samband við ráðgjafa Nashuatec á Íslandi.** Komdu og kynntu þér nýja tíma og miðlæga vinnslu gagna úr einu tæki. Komdu og kynntu þér hagstæða þjónustusamninga með allt að 5 ára ábyrgð.

Nashuatec stendur fyrir áreiðanleika, hagstæðan rekstur og frábæra þjónustu sem er grundvallaratriði í nútíma skrifstofuhaldi. Optima er aðili að rammisamningi Ríkiskaupa.

**OPTIMA**

Ármúla 8 - Sími 588 9000

# Norræn endurmenntunarstofnun á sviði lögfræði

Á undanförunum árum hefur sérhæfing meðal lögmannna á Norðurlöndum aukist verulega, sem m.a. má rekja til sífellt vaxandi krafna frá skjólstæðingum þeirra um ítarþekkingu á einstökum sviðum. Félög lögmannna og lögfræðinga á Norðurlöndunum hafa markvisst unnið að því að mæta aukinni símenntunarþörf með því að bjóða upp á fjölbreytt námskeið og námsstefnur. Þessi félög hafa hins vegar sjaldnast haft bolmagn, hvert um sig, til að halda námskeið þar sem saman eru komnir helstu sérfræðingar og fræðimenn á

viðkomandi réttarsviði, innlendir sem erlendir. Hafa lögmenn og lögfræðingar því í auknum mæli þurft að leita sér þekkingar með námskeiðasókn erlendis. Er þá oft um langan veg að fara, sem bæði eru tímafrek og kostnaðarsöm.

Til þess að reyna að koma að einhverju leyti til móts við þarfir lögmannna og annarra lögfræðinga á Norðurlöndunum, hefur nú verið stofnuð sérstök norræn endurmenntunarstofnun á sviði lögfræði (Nordic Lawyers Academy), en aðilar að þessari

## Corporate Governance Status, Perspectives and Practical Implications 12 – 13 November 2004

Venue:

Building of the Society of Danish Engineers, Copenhagen

### Friday 12 November

Time	Topic	Speaker
09.00	<i>Registration, coffee</i>	
09.30	Introduction	Professor Jan Schans Christensen, member of the High Level Group of Company Experts
09.45	The US Experience – Sarbanes-Oxley and its aftermath	Professor Ronald Gilson, Columbia and Stanford Law Schools
10.45	<i>Coffee break</i>	
11.00	EU Perspectives on corporate governance – where are we heading?	Professor Jaap Winther, Chairman of the High Level Group of Company Law Experts
12.30	<i>Lunch</i>	
13.30	The UK Approach – experiences with the Combined Code	Professor Paul Davies, London School of Economics & Political Science
14.30	Codes and company law reforms in Germany	Professor Ulrich Noack, Heinrich Heine University, Düsseldorf
15.30	<i>Coffee break</i>	
16.30	Experiences with corporate governance from a practical perspective	Mads Øvlisen, Chairman of the board and former CEO of NOVO Nordisk A/S
17.30	<i>Dinner</i>	



stofnun eru öll lögmannafélög á Norðurlöndunum. Markmiðið með þessu samstarfsverkefni er m.a. að tryggja aðgang lögfræðinga að námskeiðum sem ekki er grundvöllur til að halda í hverju landi fyrir sig. Til að byrja með verður boðið upp á tvö námskeið á ári, en eftirspurnin kemur væntanlega til með að stýra fjölda námskeiða. Námskeiðin verða haldin til skiptis í höfuðborgum Norðurlandanna og munu þau verða kynnt félagsmönnum aðildarfélaganna eftir því sem tilefni gefast. Einnig hefur verið stofnuð sér-

stök heimasíða með upplýsingum um starfsemina og námskeiðin, en slóðin þar er: [www.nordiclawyersacademy.com](http://www.nordiclawyersacademy.com).

Fyrsta námskeið á vegum Nordic Lawyers Academy fer fram í Kaupmannahöfn dagana 12.-13. nóvember n.k., en yfirskrift þess er “Corporate Governance – Status, Perspectives and Practical Implications”. Nánari upplýsingar um þetta námskeið má finna í meðfylgjandi auglýsingu og á heimasíðu stofnunarinnar.

### Saturday 13 November

09.45	An investor's perspective on corporate governance	Dorrit Vanglo, VP, LD Pensions
10.15	The Nordic experience so far	Rolf Skog, Honorary Professor, Århus Business School
11.15	<i>Coffee break</i>	
11.30	Corporate social responsibility – an issue in real life?	Juha Kurkinen, Chairman of Oyj Rastor AB and former general counsel to Cultor Oyj
12.30	<i>Lunch</i>	
13.30	Legal risk management	Jon Iversen, Attorney of law, Bech-Bruun-Drøgsted, Brussels
14.30	Corporate governance from a legal advisor's perspective	Professor Jan Schans Christensen, member of the High Level Group of Company Experts
15.30	Panel discussion	All speakers present
16.30	Closing	

Moderator: Professor Jan Schans Christensen.

### Practical information

#### Location:

The Corporate Governance Conference will take place in:  
Conference Centre of the Society of Danish Engineers (IDA) 31-33 Kalvebod Brygge – DK-1780 Copenhagen K.

The conference centre is situated in central Copenhagen a few minutes walk from the Copenhagen Central Station (Hovedbanegården) from which there are train connections to/from the airport.

For more information, go to the website:

<http://www.ida.dk/>

#### Registration:

If you want to register for the conference, please go to the website and register online:

<http://www.nordiclawyersacademy.com>

You can also register by contacting the Bar and Law Society in your country.

#### Price:

Conference fee: 1,150 €. – The price includes coffee breaks and lunches, however not the conference dinner. – Conference dinner: 75 €.

#### Accommodation:

Accommodation is not included in the conference fee. Information about hotels in the vicinity of the conference centre is available on the website: <http://www.nordiclawyersacademy.com>

#### Conference website:

<http://www.nordiclawyersacademy.com>

# Námskeið á vorönn

## Gallar í fasteignakaupum.

Með lögum um fasteignakaup, nr. 40/2002, var gallahugtakinu í fasteignakaupum breytt. Eftir þær breytingar þarf meira til svo fasteign teljist gölluð en áður var auk þess sem gerðar eru ríkari kröfur til kaupanda um skoðun á eign þegar eftir afhendingu. Á námskeiðinu verður fjallað ítarlega um þessar breytingar, röksemdir fyrir þeim og hvernig réttarstaða kaupanda hefur breyst í þessum efnun. Jafnframt verður stuttlega getið um, hvernig staða kaupanda er jöfnuð í öðrum reglum laganna. Miðað við dómaframkvæmd síðustu áratuga má ætla að þessi breyting hafi mikla hagnýta þýðingu og skipti miklu í störfum lögmanna.

Kennari: Viðar Már Matthíasson prófessor við lagadeild HÍ.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Rvík.

Tími: Þriðjudagur 16. mars, kl. 16:00-19:00.

Verð: kr. 12.500,- en fyrir félagi á félagsdeild kr. 9.500,-

## Nýmæli í barnalögum og barnaverndarlögum.

Ýmsar breytingar hafa orðið á réttarstöðu barna og foreldra í kjölfar nýrra barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem tóku gildi 1. júní 2002, og barnalaga nr. 76/2003, sem tóku gildi 1. nóvember 2003. Á námskeiðinu munu Hrefna Friðriksdóttir fara yfir nýmæli barnaverndarlaga og Valborg Snævarr fara yfir nýmæli barnalaga.”

Í nýjum barnaverndarlögum eru m.a. skýrari reglur um vinnslu barnaverndarmála, málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd og gert ráð fyrir aðkomu dómstóla að máli um vistun barns utan heimilis eða sviptingu forsjár.

Í nýjum barnalögum eru margvísleg nýmæli sem ætlað er að stuðla að bættri réttarstöðu barna, m.a. virkari heimildir til að koma á umgengni barns við forsjárlaust foreldri, heimildir sýslumanna rýmkaðar til úrskurðar í ágreiningsmálum foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns, dómstólum heimilað að kveða á um umgengni og meðlag í dómi í forsjármálum og málsmeðferðarreglur fyrir dómstólum og stjórnvaldi einfaldaðar og skýrðar, breytt aðild í faðernismálum auk fjölda annarra nýmæla.

Kennarar: Hrefna Friðriksdóttir hdl, Barnaverndarstofu og Valborg Þ. Snævarr hrl.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Rvík.

Tími: Þriðjudagur 23.mars, kl. 16:00-19:00.

Verð: kr. 16.000,- en fyrir félagi á félagsdeild kr. 12.500,-

## Lögmenn og fjölmiðlar.

Störf lögmanna verða sífellt fyrirferðarmeiri í fjölmiðlum og varla líður sá dagur án þess að lögmáður komi fram í viðtali í ljósvakamiðlum. Lögmannafélag Íslands hefur fengið til liðs við sig tvo reynda fjölmiðlamenn þau Elínu Hirst, fréttastjóra á Sjónvarpinu, og Svein Helgason, fréttamann á Útvarpinu, til þess að kynna fyrir lögmönnum hvernig fjölmiðlar vinna, hvernig best er að haga samvinnu við fjölmiðla, hvað ber að hafa í huga varðandi viðtöl í sjónvarpi og útvarpi og fleira. Námskeiðið verður í formi fyrirlestra og verklægra æfinga í viðtalstækni.

Kennarar: Elín Hirst, fréttastjóri ríkissjónvarpsins og Sveinn Helgason fréttamaður á ríkisútvarpinu.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Rvík.

Tími: Þriðjudagur 30. mars, kl. 16:00 –20:00.

Verð: kr. 20.500,- en fyrir félagi á félagsdeild kr. 16.500,-

## Grillað með meisturum Argentínu steikhúss.

Meistarar Argentínu steikhúss munu halda grillnámskeið 1. apríl nk. Byrjað verður á fræðslu um hvernig á að grilla mismunandi tegundir af kjöti, fiski og fugli. Rætt verður um kosti og galla kola- og gasgrilla og aukahlutir kynntir s.s. reykbox o.fl. Einnig verður farið yfir hvaða meðlæti henti. Síðan verður vínkynning með smakki þar sem vínþjónn kynnrir 5 mismunandi vín (þrúgur) sem henta með grillmat. Að lokum verða grillaðar 3 tegundir af kjöti, grænmeti og fiski til að bragða á með tilheyrandi sósnum og meðlæti.

Kennarar: Ingvar Sigurðsson matreiðslumeistari Argentínu og Þorgeir Pálsson vínþjónn á Argentínu.

Staður: Hússtjórnaarskóli Reykjavíkur, Sólvallagötu 12.

Tími: Fimmtudagur 1.apríl kl. 16:30-20:30.

Verð: kr. 14.000,- en fyrir félagi á félagsdeild kr. 11.000,-

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang eyrun@lmfi.is

## Af Merði lögmanni

Mörður hefur aldrei getað skilið konur neitt sérstaklega vel enda eru þær allt öðruvísi en karlar. Lífsviðhorf þeirra og gildi eru allt önnur og svo eru konur hræddar við að axla ábyrgð og taka ákvarðanir. Konur geta svo sem verið þokkalegir lögmennt en þær eru óþarfa smámunasamar enda eru konur með næmt auga fyrir allskonar smáatriðum í umhverfi sínu eins og ryki og svoleiðis þjatti. Slík mál lenda sjaldnast á borðum lögmannna.

Mörður skammast sín ekkert fyrir að viðurkenna að hann var hálfhræddur þegar konum fór að fjölga í hinni virðulegu stétt lögmannna. Honum fannst það svo sem sleppa fyrir horn að konur væru að vesenast í þessu á lögmennsstofum með eiginmönnum sínum og feðrum en einhvers staðar verður nú líka að draga mörkin. Nú eru þær í auknum mæli farnar að böðlast í þessu sjálfar. Opnandi stofur einar og sér eða, það sem verra er, í samstarfi við aðrar konur eða jafnvel með öðrum karlmönnum sér alls óskyldum og ótengdum. Og ekki nóg með það heldur eru þær núna búnar að smala sér saman og mynda einhvern minnihlutahóp innan Lögmannafélagsins til að styrkja tengslin sín á milli og auka hlut kvenna í lögmennsku. Einhvern svona væluskjóðu-saumaklúbb. Það þarf nú engan Einstein til að átta sig á því að þetta er klárlega brot á jafnréttislögum sem þarfnast rækilegrar skoðunar færustu karlkynslögmannna. Kvenlögmenntirnir eru klárlega vanhæfir.

Merði finnst að þetta sé nú kannski ekki alveg málið, enda mjög slæmt til afspurnar, að Lögmannafélag Íslands þurfi að burðast með svona femíniska slagsíðu á bakinu og þá kannski einhvern stimpil að strákarnir séu vondir við stelpurnar. Það er í lagi að hafa þessar konur með en ekki að þær verði of áberandi. Hvað gerðist ekki líka með lækna í Rússlandi þegar konum fór að fjölga í stéttinni? Launin lækkuðu. Sama hefur gerst í fleiri stéttum þegar konur koma þar inn. Strákarnir verða að passa upp á að það gerist ekki hjá þeim, nógu lág eru launin samt. Fjöldi dæma hefur sýnt og sannað að þetta gerist um leið og konur sem eiga góðar fyrirvinnur fara að taka upp karríer svona í hobbí í stað þess að bútauma og hugsa um heimilið. Mörður er líka hræddur um að þetta brölt kvennanna verði til að eyðileggja ímynd lögmannna. Það fyrsta sem kemur nefnilega upp í huga fólks er að lögmenn séu virðulegir og snyrtilegir miðaldra karlmenn í dökkum jakkafötum, í skyrtu og með bindi, en ekki einhverjar ómálaðar, fótafúnar mussukonur með skegg og kröfuspjöld.

Mörður hefur alltaf verið jafnréttissinnaður. Fyrir nokkrum árum ætlaði Mörður að ráða sér fulltrúa og það var ein kona sem sótti um. Hann var mikið að hugsa um að ráða hana en hann var alveg í stökustu vandræðum með það hvað hann ætti að borga svona kvenlögfræðingi svo hann slepti því bara.

Mörður er ekki alveg viss um það hvað strákunum í boltanum, golfinu og í gufunni finnst um þetta kvennasamkrull um að styrkja tengslin. Hver getur tilgangurinn líka annar verið en að klekkja á þeim? eru allar þessar konur vinalausar eða hvað? Eiga strákarnir líka að bera hallann af því að þessar stelpur hættu að leika sér um aldur fram og misstu af öllum tengslum við gömlu leiksystemarnar? Mörður er nú enginn asni. Hann áttar sig alveg á því hvað þær ætla sér og það verður að stöðva strax. Þær ætla greinilega að taka yfir lögmennastéttina, svona eins og geimverur, og gera karlana að minnihlutahópi. Þeir strákarnir verða að snúa vörn í sókn og það strax. Mörður hefur reyndar alltaf verið frekar vinalaus. Frá æsku hefur glumið í hausnum á honum röfl móður hans: „Mörður af hverju áttu enga vini?“ Æi kannski vilja strákarnir alls ekki leika við hann.

Mikið vildi Mörður að hann væri kona. Aldrei gera þeir strákarnir neitt svona skemmtilegt saman og styrkja tengslin sín á milli.

## PISTILL FORMANNS:

Lögmannafélag Íslands hefur fyrst og fremst verið félag sjálfstætt starfandi lögmannna. Samþykktir Lögmannafélags Íslands og siðareglur eru við það miðaðar og skipan stjórnar hefur borið það með sér. Æðsta markmið LMFÍ á að vera að standa vörð um sjálfstæði lögmannna. Það markmið er ekki félagsmannanna vegna, sjálfstæðir og óháðir lögmennt eru einn af hornsteinum réttarríkisins.

Af 15. gr. lögmannalaga, nr. 77/1998, má ráða að ákveðin opinber störf eru talin ósamrýmanleg handhöfn lögmannsréttinda. Það tók stjórn LMFÍ nokkurn tíma frá gildistöku laganna að fá fram afstöðu dómsmálaráðherra til þess hvaða störf þetta væru. Meðan óvissan stóð lagðist stjórnin gegn undanþágum til ákveðinna hópa opinberra starfsmanna. Það var gert bæði í því skyni að knýja fram afstöðu ráðherra til málsins, en ekki síður vegna þess að áhyggjur voru um að félagið kynni að breytast að samsetningu, sem síðar myndi leiða til breytinga á eðli þess. Með auglýsingu nr. 250/1999 kvað dómsmálaráðherra upp úr um að einungis störf við dómstóla teldust ósamrýmanleg handhöfn lögmannsréttinda. Að auglýsingunni fram kominni, þótti ekki lengur efni til þess að leggjast gegn undanþágubeiðnunum.

Fyrirrennari minn, Ásgeir Thoroddsen hrl., hafði uppi vangaveltur um hvaða áhrif þetta kynni að hafa á LMFÍ í pistli í 3. tbl. Lögmannsblaðsins árið 2000. Fram kemur í pistlinum að félagsmenn hafi þá verið um 530, sem skiptist þannig að sjálfstætt starfandi og fulltrúar þeirra voru 370, um 120 störfuðu hjá fyrirtækjum og stofnunum og 40 félagsmenn stunduðu ekki lögmannsstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum. Ásgeir dró þá ályktun af samsetningunni, að lítil ástæða væri til þess að óttast um valdajafnvægi í félaginu.

Þróunin hefur verið hröð síðan. Félagsmönnum hefur fjölgað í um 670 frá því Ásgeir ritaði nefndan pistil. Fjöldi þeirra sem ekki stunda störf vegna aldurs, sjúkleika eða af

öðrum ástæðum er nokkurn veginn sá sami og var. Sjálfstætt starfandi og fulltrúum þeirra hefur fjölgað í um 430. Fjölgunin hefur hins vegar verið langmest hjá þeim sem starfa hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, en fjöldi þeirra er nú rétt um 200. Þá hefur fjölgunin í hópnum „sjálfstætt starfandi og fulltrúar þeirra“ að langmestu leyti verið í fulltrúa-hópnum.



**Gunnar Jónsson**

hrl.

Sjálfstætt starfandi lögmennt eru þegar þetta er skrifað 347, eða rétt rúmur helmingur félagsmanna. Þeim fjölgaði um aðeins þrjá á starfsárinu 2003-2004, en félagsmönnum í heild um 40. Frá gildistöku lögmannalaganna hefur sjálfstætt starfandi lögmenntum fjölgað um 10%. Fulltrúum sjálfstætt starfandi lögmannna hefur hins vegar fjölgað um hartnær 100% og lögmenntum hjá fyrirtækjum og stofnunum um nálægt 80%. Að óbreyttu má því ljóst vera að stefni hraðbyri í að LMFÍ verði að minnihluta skipað sjálfstætt starfandi lögmenntum.

Vera kann að engin ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af þróuninni. Fjölgun styrkir í það minnsta fjárhag félagsins. Ég verð þó að jata sem er, að ég hef áhyggjur af þróuninni og tel í það minnsta að menn verði að velta henni og líklegum afleiðingum hennar fyrir sér.

Þótt lögmennt sé í eðli sínu ákaflega fjölbreytt starf, hefur kjarni starfsins almennt verið talinn hagsmunagasla fyrir umbjóðendur. Lögmenntum hjá stofnunum og fyrirtækjum er hins vegar beinlínis bannað að taka að sér lögmannsstörf fyrir aðra en vinnuveitanda sinn. Þeir starfa því ekki fyrir umbjóðendur, heldur vinnuveitanda. Því skal síst haldið fram að annað sé hinu æðra eða merkilegra, en um margt eru störfin ólík í eðli sínu. Það er einnig ljóst hagsmunir lögmannna sem helga sig einum vinnuveitanda og hinna, sem hafa fjölda umbjóðenda, fara alls ekki alltaf sama.

Reyndar eru fjölmörg dæmi um núning á milli stjórnar LMFÍ og einstakra lögmannna, sem stjórn LMFÍ hefur talið fara úr fyrir heimildir



sínar. Slíkur núningur var ástæða þess að í frumvarpi til breytinga á lögmannalögum er að finna ákvæði, sem undirstrikuðu enn frekar en áður var, að heimild lögmannna hjá stofnunum og fyrirtækjum takmarkaðist við störf fyrir vinnuveitendur þeirra. Ég tel að í sjálfu sér hafi ekki verið lögð til nokkur efnisbreyting og því í raun ekkert unnið með nýju ákvæðunum. Ljóst er hins vegar að þau komu mjög illa við marga þeirra sem þau beinast að. Stjórn félagsins mun því leggja til að þau verði felld úr frumvarpinu.

Óánægja þessa hóps félagsmanna kom gleggst í ljós á fundi, sem haldinn var til kynningar á lögmannafrumvarpinu. Fundarmenn samþykktu þó, móttakvæðalaust, tillögu tveggja fyrrum formanna félagsins um að fara þess á leit við dómsmálaráðherra, að frumvarpinu yrði breytt á þann veg að úr því yrði fellt annað en það sem laut að staðfesturéttindum, heimildum annarra en HÍ til þess að útskrifa lögfræðinga sem geti þreytt prófraun til lögmannsréttinda og ákveðnar tillögur til breytinga varðandi Úrskurðarnefnd lögmannna. Beiðnin var borin upp við ráðherra og ítrekuð á fundi með allsherjarnefnd Alþingis. Á hana var hins vegar ekki fallist. Frumvarpið fer því, í þeirri mynd sem það var lagt fram, í meðferð hjá Alþingi. LMFÍ mun senda efnislega umsögn um frumvarpið til allsherjarnefndar, en stjórn félagsins mun leita álits félagsmanna á umsögninni áður en hún fer frá félaginu.

Á félagsfundinum var einnig samþykkt tillaga um skipan 9 manna nefndar, undir forystu formanns félagsins, sem hafi það verkefni að fara heildstætt yfir lögmannalögin. Nefndin hefur þegar verið skipuð en auk mín skipa hana: Aðalsteinn Jónasson hrl., Ástríður Gísladóttir hdl., Bjarki Diego hrl., Guðmundur Pétursson hrl., Helga Hlín Hákonardóttir hdl., Hjördís Harðardóttir hdl., Jakob R. Möller hrl. og Lára V. Júlíusdóttir hrl. Ég tel nefndina gefa nokkuð góðan þverskurð af félaginu og vænti mikils af störfum hennar. Þrátt fyrir dræmar undirtektir ráðherra og allsherjarnefndar við tillögu um breytingu á frumvarpi til breytinga á lögmannalögum, tel ég félaginu nauðsynlegt að leggja í nokkra sjálfsköðun vegna þeirra breytinga sem á því hafa orðið. Ég hef ennfremur ákveðið að bjóða mig fram til formanns félagsins þriðja sinni og bjóðast þar með jafnframt til þess að fara áfram fyrir nefndinni, hljóti ég til þess fulltingi á aðalfundi LMFÍ.

## Námskeið á vorönn

### Samspil atvinnu- og einkalífs.

Í störfum sínum glíma lögmennt oft við mál sem tengjast erfiðustu lífsreynslu umbjóðenda sinna. En hvernig vinna þeir sjálfir úr sínu? Er hægt að koma heim að loknum vinnudegi og „loka“ á erfið mál? Á námskeiðinu er farið yfir með hvaða hætti lögmennt geta varið sig gegn erfiðum málum. Einnig verður fjallað um kulnun í starfi, hæfni í mannlegum samskiptum og hvernig leysa á farsællegra úr ágreiningi.

Kennari: Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Rvík.

Tími: Þriðjudagur 20. apríl, kl. 16:00 –19:00.

Verð: kr. 15.500,- en fyrir féлага í félagsdeild kr. 12.500,-.

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang eyrun@lmfi.is

## Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar á ensku, norðurlandamál, frönsku, þýsku og rússnesku (nú þýðendur og túlkar).

Dóm og skýrslutöktutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalþýðandi.

Laugavegi 163a - sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is

## Fréttir frá félagsdeild

Starfsemi félagsdeildar hófst með hefðbundnum hætti í byrjun árs með því að lögmenn með gífurlegt samviskubít höfðu samband og vildu fá líkamsræktartilboð hið fyrsta. Brugðist var við því með nýju tilboði frá World Class en hægt er að leita upplýsinga um það á heimasíðu LMFÍ, undir afsláttarkjör félagsdeildar LMFÍ. Svo var hafist handa við undirbúning námskeiða, árshátíðargleði og margt fleira.



**Eyrún Ingadóttir**

skýrslum fyrir dómi og stafrænum myndavélum. Önnur námskeið vorannar eru auglýst hér í blaðinu og stefnir í mjög góða skráningu á flest þeirra.

### Árshátíð LMFÍ

Laugardagskvöldið 27. mars nk. mun hin árlega árshátíð verða haldin í Súlnasal Hótel Sögu. Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari verður heiðursgestur en Árni Vilhjálmsson hrl., veislustjóri. Að þessu sinni munu Stuðmenn túlka löginn fyrir lögmenn og reiknað er með góðri mætingu. Hjálmar Hjálmarsson fyrrverandi ekki-frétta- maður mun kynna nýjan baráttusöng lögmanna en ekki er vitað fyrir hverju á að berjast enn sem komið er.

### 40% félagsmanna á námskeið 2003

Árið 2003 stóð félagsdeild fyrir 22 námskeiðum sem 260 félagsmenn sóttu. Að sjálf-sögðu sækja sumir fleiri en eitt námskeið en það hlýtur að teljast mjög gott að fá sem svarar 40% félagsmanna á námskeið á einu ári.

Árið 2004 byrjaði vel í námskeiðahaldi félagsdeildar en skipulögð voru fimm 4 klukkustunda námskeið í notkun á nýju skaðabótaforriti sem Samband íslenskra tryggingafélaga lét útbúa. Námskeiðin voru haldin í samstarfi við SÍT og tölvufyrirtækið Vigor sem útbjó forritið. Nú þegar hafa um 50 lögmenn sótt þessi námskeið en reiknað er með að fleiri námskeið verði haldin fyrir sumarsólstöður. Auk þess hefur nú þegar verið haldið námskeið í vitna- og aðila-

### 70% fjölgun heimsóknna

Heimasíða LMFÍ er orðin gríðarlega öflugur og ódýr auglýsingamiðill fyrir lögmenn. Heimsóknnum á síðuna fjölgaði um 70% milli áranna 2002 og 2003 en flestar heimsóknirnar eru vegna LÖGMANNALISTANS. Enn á ný eru lögmenn hvattir til að athuga skráningu sína á listanum.



SÍÐUMÚLA 16-18 • [www.gutenberg.is](http://www.gutenberg.is) • SÍMI 545 4400



## Stofnun Félags kvenna í lögmenntu:

# Helmingur kvenna í LMFÍ stofnfélagar!

Það var fullt út úr dyrum í húsakynnum LMFÍ þann 4. mars sl. þegar 70 félagskonur stofnuðu Félag kvenna í lögmenntu.

Tilgangur félagsins er að efla samstarf og styrkja stöðu kvenna í lögmannastéttinni og auka áhrif og þátttöku kvenna í lögmenntu. Félagið hyggst gera konur í lögmannstéttinni sýnilegrar og halda uppi umræðu og standa vörð um málefni um hagsmuni kvenna í stéttinni.

Í stjórn hins nýja félags voru kjörnar þær Sif Konráðsdóttir hrl., formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl., Kristín Edwald hdl., Margrét Einarsdóttir hdl. og Svala Thorlacius hrl. Varanmenn í stjórn eru þær Hjördís Harðardóttir og Inga Þöll Þórgnýsdóttir.

Sif Konráðsdóttir var að vonum ánægð með

fundarsóknina sem fór fram úr björtustu vonum. „Við sem vorum í undirbúningshópnum fyrir stofnun félagsins vorum að vonast eftir 40 til 50 konum og því erum við að vonum kátar. Þetta sýnir að það var tímabært að stofna félagið og ég vona að þetta sé til marks um að starfsemi þess muni verða öflug í framtíðinni,“ sagði Sif.

Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari var kjörin heiðursfélagi en í ræðu sem hún hélt rifjaði hún m.a. upp að þegar hún hóf laganám haustið 1956 hafi hún verið litin hornauga af samnemendum sínum sem og kennurum sem hafi sumum fundist óþægilegt að hafa stúlku í tímum. M.a. hefði kennari, sem kenndi hluta refsiréttarins, sleppt því að fara yfir 194. gr. almennra hegning-

arlaga því honum hafi ekki þótt tilhlýðilegt að skilgreina fullframningu slíks brots í viðurvist konu! Hún rifjaði einnig upp árin sem hún starfaði sem lögmaður, 1961-1976, en fólk var ekki vant því að sjá konu í því starfi. Hún hafi jafnvel verið titluð sem „herra hæstaréttarlögmaður“ í málflutningi í Hæstarétti og iðulega verið ávörpuð þannig af körlum sem komu á skrifstofuna: „Þakka þér fyrir væna mín, en má ég nú tala við lögmanninn“. Guðrún rifjaði enn fremur upp að það liðu 24 ár frá því konur öðluðust rétt til embættisnáms, námsstyrks og embætta þar til fyrsta konan útskrifaðist sem lögfræðingur. Það var Auður Auðuns en næstu 30 árin bættust aðeins fimm konur í hópinn, þær Rannveig Þorsteinsdóttir, Auður Þorbergsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir, hún sjálf og Hólmfríður Snæbjörnsdóttir. Eftir það hafi farið að rætast úr en árin 1967-1976 hafi 28 konur útskrifast úr lögfræði, 1977-1986 hafi 70 konur útskrifast og í dag séu konur meira en helmingur þeirra sem stunda laganám.



# Reynsla af málflutningi einskis metin?

## Inngangur

Nýlega skipaði dómsmálaráðherra í tvö embætti héraðsdómara. Við skipunina fylgdi ráðherra uppröðun dómnefndar samkvæmt 12. gr. dómstólalaga. Athygli hefur vakið að dómnefnd skyldi telja þá sem skipaðir voru hæfari til starfans en þrjú hæstaréttarlögmenn og settan dómara í hópi umsækjenda. Er þetta tilefni þessarar greinar, en nýskipuðum dómurum er óskað farsældar í starfi.

## Kröfur til dómaraefna og mat á umsækjendum

Í 7. tölul. 2. mgr. 12. gr. dómstólalaga er fjallað um hæfisskilyrði lögfræðinga sem skipa má í embætti héraðsdómara. Þeir skulu hafa verið í minnst þrjú ár alþingismaður, hafa stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríki eða sveitarfélagi. Leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum. Í þriggja manna dómnefnd sem fjallar um hæfni umsækjenda, er einn tilnefndur af Hæstarétti og er hann formaður, einn af Dómarafélaginu úr röðum héraðsdómara og sá þriðji af Lögmannafélagi Íslands úr hópi starfandi lögmannna.

Reglur nr. 693/1999 fjalla nánar um störf dómnefndar. Þar kemur fram að nefndin skuli við mat á hæfni umsækjenda hafa til hliðsjónar starfsferil þeirra, fræðilega þekkingu og almenna og sérstaka starfshæfni. Dómnefndin hefur og sett sér verklagsreglur sem útskýra nánar hvernig meta skuli hæfni umsækjenda. Ekki verður annað ráðið af þeim ákvæðum sem gilda um mat á hæfni en að starfsferill og starfsreynsla skuli skipa öndvegi við matið, önnur atriði komi þar á eftir. Hvergi er tilgreint að birt ritstörf umsækjenda skuli vega þyngra en starfsreynsla.



**Dögg Pálsdóttir**

hrl.

## Nánar um umsækjendur

Um dómarastöðurnar tvær sóttu átta lögfræðingar. Einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Dómnefndin fjallaði því um sjö umsóknir; þriggja hæstaréttarlögmanna, héraðsdómsslögmans, setts héraðsdómara, skrifstofustjóra og dósents við laga-deild. Nefndin taldi alla umsækjendur hæfa, fjóra mjög vel hæfa, tvo vel hæfa og einn hæfan. Tveir umsækjenda voru konur, sex karlar.

Þar sem grein þessi fjallar einkum um mat dómnefndar á hæstaréttarlögmönnum og á setta héraðsdómaranum, í samanburði við mat hennar á þeim umsækjendum sem embættin fengu, er sleppt að fjalla um héraðsdómsslögmanninn.

Hæstaréttarlögmaður A er fimmtugur að aldri og elstur umsækjenda. A starfaði liðlega áratug sem dómarafulltrúi, settur sýslumaður og settur héraðsdómari. Frá árinu 1990 hefur A verið lögmaður og öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 1997. A hefur á síðustu árum „unnið viðamikil trúnaðarstörf í mikilvægum stjórnslufnefndum“ eins og segir í samantekt dómnefndar. Þar segir síðan:

„[...] hefur ekki stundað ritstörf sem fræðimaður, en telja verður að áður-greind fjölþætt störf hans á sviði dómsmála og stjórnslu vegi svo þungt, að hann standi sem dómaraefni ekki að baki þeim umsækjendum, sem látið hafa frá sér prentaðar fræðilegar ritsmíðar.“

Ekki virðist nefndin hafa aflað upplýsinga um umfang málflutningsstarfa A.

Hæstaréttarlögmaður B er 47 ára að aldri. Um sex ára skeið starfaði B hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, skattyfirvöldum og ríkisendurskoðun. Þá

ræðst B til starfa hjá embætti ríkislögmanns og hefur gegnt málflutningsstörfum þar síðan með 1½ árs hléi er hann var settur skrifstofustjóri Hæstaréttar. Dómnefndin segir síðan:

„Þó að [...] hafi ekki unnið dómstörf hefur hún haldgóða reynslu í stjórn-sýslu, sem getur án efa veitt traustan og öruggan bakhjarl í starfi héraðs-dómara. Auk þess hefur hún aflað sér nokkurrar sérþekkingar í rekstrar- og viðskiptafræðum.“

Ekki kemur fram að B öðlaðist málflutnings- réttindi fyrir Hæstarétti árið 1991 og hefur því lengstan starfsaldur sem slíkur af umsækjend- unum. Ekki virðist nefndin hafa aflað upplýsinga um umfang málflutningsstarfa B en fyrir liggur að lögmannsstörf B eru nær eingöngu málflutnings- störf og að B hefur flutt á annað hundrad mál fyrir Hæstarétti og mun fleiri fyrir héraðsdómi. Þessi málflutningsreynsla B er ekki talin veita honum „traustan og öruggan bakhjarl í starfi héraðsdóm- ara” heldur mun styttri starfsreynsla í stjórn-sýslu. Þá er þess ekki getið að B sótti sumarið 2003 um

Félagsmenn í Lögmanns- félagi Íslands eiga kröfu á skýringum frá fulltrúa sínum í dómnefndinni af hverju hann telur málflutningsstörf jafn lítils virði og ólit dóm- nefndar ber vitni um.

embætti hæstaréttardómara og var af Hæstarétti talinn hæfur til að gegna því embætti.

Hæstaréttarlögmaður C er 47 ára að aldri. Að frátalinni fulltrúastöðu hjá ríkisskattstjóra í þrjá mánuði hefur hann nær eingöngu unnið sem lög- maður að aðalstarfi. Þar af hefur C rekið eigin lög- mannsstofu einn eða með öðrum í 19 ár, frá árinu 1993 sem hæstaréttarlögmaður. Í álitinu kemur fram að C hafi auk umfangsmikilla lögmanns- starfa sinnt tímafreku starfi sem formaður úrskurðarnefndar almannatrygginga. Ekki er nefndin talin mikilvæg stjórn-sýslunefnd eins og

gert er í umsögn nefndarinnar um úrskurðar- nefndir sem A hefur starfað í. Ekki virðist nefndin hafa aflað upplýsinga um umfang málflutnings- starfa C.

Setti héraðsdómari er 43 ára að aldri og hefur að heita má allan sinn starfsaldur unnið við héraðsdómstóla, einkum sem dómarafulltrúi og síðar sem skrifstofustjóri. Í álitinu dómnefndar kemur fram að hann hafi samtals verið settur hér- aðsdómari í um 20 mánuði. Umsækjandinn hefur því lengsta reynslu af dómstörfum, bæði fyrir og eftir aðskilnað, án þess að dómnefndin meti það honum sérstaklega eða sjái ástæða til að benda á það í umsögninni, eins og gert er með mun skemmri störf lektorsins hjá dómstólum. Þá nefnir dómnefndin ekki að umsækjandinn hefur lokið endurmenntunarnámi í stjórn-sýslu.

Skrifstofustjórinn er næst yngstur umsækjanda, 41 árs að aldri. Hann starfaði í alls rúmlega þrjú ár sem fulltrúi sýslumanns, dómarafulltrúi í saka- dómi, í Héraðsdómi Vesturlands og var aðstoðar- maður hæstaréttardómara í hátt á annað ár. Þá tóku við störf í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, við EFTA-dómstólinn og hjá ríkissaksóknara um samtals 2½ árs skeið. Núverandi starfi sem skrif- stofustjóri Hæstaréttar hafi hann gegnt í 3½ ár þegar frá væri talið rannsóknarleyfi erlendis. Fram kemur að stjórn-sýslu- og dómstörf hans nemi 11 árum, þótt stutt hafi verið staldrað á hverjum stað. Síðan segir:

„Með miklu riti um dóma á sviði einkamálaréttarfars hefur hann öðlast sess sem fræðimaður og hefur hann að því leyti, ásamt einum öðrum umsækj- anda, nokkra sérstöku meðal þeirra fjögurra, sem nefndin telur mjög vel hæfa til að gegna embætti héraðsdóm- ara.“

Lektorinn er 34 ára og yngstur umsækjanda. Um rúmlega tveggja ára skeið var hann dómara- fulltrúi og áður um skamma hríð fulltrúi sýslu- manns. Um hálfis annars árs skeið var hann aðstoðarmaður hæstaréttardómara. Hann stundaði framhaldsnám í Oxford og lauk þaðan meistara- prófi í Evrópurétti og samannburðarlögræði. Síðan segir:

„Telur nefndin að veigamikil fræði- legt framlag í birtum ritverkum hans sýni eitt sér, að hér sé á ferð gott dóm- araefni. Auk þess bendir nefndin á reynslu hans af störfum hjá dóm-

stólum. [...] hefur á fáeinum árum skilað óvenju miklum árangri í lögfræði, einkum með samningu fræðiriti, sem birst hafa. Þegar litið er til þess er það álit nefndarinnar, að hann hafi ásamt einum öðrum umsækjanda nokkra sérstöðu í þeim hópi lögfræðinga, sem hér eru taldir mjög vel hæfir til að gegna embætti héraðsdómara.“

Niðurstaða dómnefndar var að skrifstofustjórn og dósentinn ásamt hæstaréttarlögmönnum A og B væru mjög vel hæfir. Ritstörf skrifstofustjórnans og dósentins taldi nefndin veita þeim forskot fram yfir aðra umsækjendur og að margbreytilegur og langur ferill A hæstaréttarlögmans við dóms-, embættis-, lögmans- og stjórnsýslustörf, veitti honum sama forskot umfram B hæstaréttarlögmann. Dómnefndin taldi C hæstaréttarlögmann og setta dómarrann vel hæfa.

### Nánar um umsögn dómnefndar

Málflytjendur og dómarrar starfa í réttarsal. Störfin eru náskyld og samvinnuð. Dómari hefur ekki heimild til að leggja dóm á mál á grundvelli annarra málsástæðna en þeirra sem málflytjendur halda fram í stefnu og greinargerð. Ætla mátti að reynsla af málflytningisstörfum og dómarrastörfum væri því ákjósanlegur undirbúningur fyrir verðandi dómara.

Þessu virðist dómnefndin ósammála. Tveir umsækjenda báru af öðrum varðandi reynslu af málflytningi annars vegar og dómarrastörfum hins vegar, þ.e. hæstaréttarlögmaður B og setti héraðsdómarrinn. Hinum fyrrnefnda ráðaði dómnefndin í fjórða sæti en taldi hann þó mjög vel hæfan. Hinum síðarnefnda ráðaði hún í 5.- 6. sæti og taldi hann aðeins vel hæfan. Vafalaust er það einber tilviljun að þessir tveir umsækjendur eru konurnar í hópi umsækjenda.

Þá vekur athygli að dómnefndin telur engu skipta að einn umsækjenda, hæstaréttarlögmaður B, var af Hæstarétti metinn hæfur árið 2003 til að gegna embætti hæstaréttardómara. Hvorugur umsækjenda sem dómnefndin taldi hæfasta er embættisgengur til embættis hæstaréttardómara.

Af niðurstöðu dómnefndar geta lögmenn ekki dregið aðra ályktun en þá að störf að málflytningi færi þeim enga starfsreynslu sem byggjandi er á og séu léttvæg á móti öðrum störfum sem lögfræðingar sinna hjá embættum, ráðuneytum og opinberum stofnunum. Niðurröðun dómnefndar á umsækjendum bendir til þess að hún telji reynslu

af málflytningi ekki mikils virði og að slík reynsla skuli víkja fyrir annarri reynslu af lögfræðistörfum og þá sérstaklega ritstörfum.

Í álini dómnefndar kemur glöggt fram að forskot þeirra tveggja sem hún ráðaði fremst felst í ritstörfum þeirra. Í reglum sem dómnefndin starfar eftir kemur hvergi fram að ritstörf skuli hafa slíkt vægi að þau ryðji út langri starfsreynslu.

Allt fram til ársins 1989 var embættisgengi héraðsdómara bundið við þriggja ára starfsreynslu í tilgreindum störfum.<sup>1</sup> Undantekningarregla var í einkamálalögunum frá 1936 um að skipa mátti sem héraðsdómara lögfræðing sem getið hefði sér sérstakan orðstír fyrir ritstörf um lögfræðileg efni. Í riti Einars Arnórssonar *Almenn meðferð einkamála í héraði* er nefnt í dæmaskyni um þessa undanþágu ef lögfræðingur hefur hlotið doktorsnafnbót frá háskóla.<sup>2</sup> Með lögum nr. 92/1989 var hæfnisskilyrðinu breytt og undantekningarreglan um hæfi vegna ritstarfa felld niður. Dómnefndin var þá sett á laggirnar og í rökstuðningi sett fram vænting um að tilkoma hennar verði hvatning fyrir lögfræðinga, sem hyggja á starfsferil sem dómara, til að afla sér framhaldsmenntunar og leggja stund á fræðistörf á sviði lögfræði. Jafnframt var aldurskilyrði héraðsdómara hækkað í 30 ár með þeim rökum að tryggja þyrfti reynslu manna áður en þeir tækju við svo mikilvægu starfi.<sup>3</sup> Af þróun lagaákvæða um embættisgengi héraðsdómara virðist því mega ráða að starfsaldur og starfsreynsla eigi að veða þyngra en annað við mat á umsækjendum. Þessa þætti kallar Einar Arnórsson líffreynslu og æfingu í áðurnefndu riti sínu og er það vísbending um það hvað hann taldi eiga að ráða úrslitum við mat á dómaraefnum.

Forskiotið sem dómnefnd veitir tveimur umsækjendum vegna birtra ritsmíða vekur og spurningar um það hvernig dómnefnd metur ritstörf málflytjenda vegna málalíbúnaðar fyrir dómstólum. Sakarefnin í málum sem málflytjendur vinna eru mismunandi og oft á tíðum eru þau erfið og flókin. Ritun stefnu og greinargerðar er ein tegund ritstarfa þótt ekki séu það birtar ritsmíðar. Ljóst er af reglum þeim sem dómnefndin starfar eftir að þetta eru ritsmíðar sem henni ber að meta til jafns við önnur ritstörf, sbr. ákvæði verklagsreglna nefndarinnar um fylgigögn með umsókn. Þar kemur fram að meðal gagna sem liggja skuli fyrir séu: *Ljósrit verkefna í lögfræði, t.d. af tímaritsgreinum, stefnum, greinargerðum, álitgerðum, úrskurðum eða dómum*. Verklagsreglurnar segja ekkert um að birt efni skuli veða þyngra en óbirt. Allt kallast þetta verkefni í lögfræði.

## Lokaorð

Félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands eiga kröfu á skýringum frá fulltrúa sínum í dómnefndinni af hverju hann telur málflutningsstörf jafn lítils virði og álit dómnefndar ber vitni um. Fulltrúi LMFÍ í dómnefnd hlýtur líka að skýra fyrir félagsmönnum ástæðuna fyrir því að ritstörf fá nú vægi í dómnefndarálit langt umfram það sem lög og reglur gera ráð fyrir og áður hefur tíðkast í samþæringum álitum eða við skipun í dómaraembætti. Nefna má í þessu samhengi að við skipun í embætti hæstaréttardómara 2003 virtist umfang ritstarfa umsækjenda ekki veða þungt á móti annarri reynslu.

Skilaboð dómnefndar til málflytjenda í lögmannastétt virðast skýr: Hafi málflytjendur hug á að breyta um starfsvettvang er þeim rétt að beina sjónum að öðrum störfum en embættum héraðsdómara. Reynsla málflutningsmanna sýnist ekki hátt skrifuð við mat í embætti á þeim vettvangi.

<sup>1</sup> Hæfnisskilyrði voru þrengd með lögum nr. 54/1988 með því að fækka þeim lögfræðistörfum sem veittu embættisgengi, en þau breyttu ekki undantekningarreglunni efnislega.

<sup>2</sup> Einar Arnórsson: Almenn meðferð einkamála í héraði, I. bindi. Reykjavík 1941, bls. 58.

<sup>3</sup> Frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, þskj. 204, 182. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda: <http://www.althingi.is/altext/111/s/0204.html> [Sótt á vefinn 26.2.2004].

## EFTA Court Tenth Anniversary Essay Competition

The EFTA Court was set up under the EEA Agreement of 2 May 1992, and took up its functions on 1 January 1994. Its task is to ensure the uniform interpretation and application of the EEA Agreement, and the judicial defence of the rights conferred on individuals and economic operators by the Agreement.

On the occasion of its Tenth Anniversary in 2004, the EFTA Court invites submissions to its Tenth Anniversary Essay Competition on the subject of

### “The right of establishment of companies under EEA law”

To be eligible to participate in the competition, you must be a law student or lawyer of less than 30 years of age and either

- a national of Iceland, Liechtenstein or Norway; or
- a national of another country, studying or practising law in Iceland, Liechtenstein or Norway.

Current and former staff members and trainees of the EFTA Court are excluded from the competition.

Essays must be submitted in the English language, and should not exceed 7,000 words. In addition to the text, a table of contents and bibliography are required.

Papers must reach the EFTA Court in electronic form no later than **31 July 2004**, accompanied by a short CV and your contact details, via e-mail, to the following address: **Dirk.Buschle@eftacourt.lu**. Please use only Word format!

A jury composed of Judge Per Tresselt, and Legal Secretaries Dirk Buschle and Kristin Haraldsdóttir will review all submissions and select the best paper. The winner will receive a prize of 2,000, and will be invited to attend the EFTA Court's Tenth Anniversary Symposium on 21 October 2004 at the Cercle Municipal in Luxembourg.

This notice may also be found on the EFTA Court's website: [www.eftacourt.lu](http://www.eftacourt.lu).

# Breytingar á félagatali

Allar breytingar s.s. ný símanúmer, vefföng, aðsetur og fleira er uppfært á heimasíðu félagsins, [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

## Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Viðar Lúðvíksson hrl.

Reimar Pétursson hrl.

Guðmundur Birgir Ólafsson hrl.

Jón Rúnar Pálsson hrl.

## Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Bjarnveig Eiríksdóttir hdl.

Embætti borgarlögmanns

Ráðhús Reykjavíkur

101 Reykjavík

S: 563-2054

Fax: 563-2029

Brynjólfur Hjartarson hdl.

LEGALIS lögmannsstofa

Lágmúla 7

108 Reykjavík

S: 562-6969

Fax: 562-6980

Eypóra Kristín Geirsdóttir hdl.

Tollstjórinn í Reykjavík

Tryggvagötu 19

150 Reykjavík

S: 560-0300

Fax: 551-6620

Geir Arnar Marelsson hdl.

Kópavogsbær

Fannborg 4

200 Kópavogur

S: 570-1550

Fax: 570-1551

Jón Jónsson hdl.

Regula lögmannsstofa

Kaupvangur 2

700 Egilsstaðir

S: 580-7900

Fax: 580-7901

Ragna Gestsdóttir hdl.

Lögmenn Hamraborg ehf.

Hamraborg 10

200 Kópavogur

S: 544-5100

Fax: 554-3916

## Nýr vinnustaður

Anna Linda Bjarnadóttir hdl.

Lögfræðipjónustan

Húsi verslunarinnar

Kringlunni 7

103 Reykjavík

S: 520-5588

Fax: 568-9948

Davíð B. Gíslason hdl.

Gjaldheimtan ehf.

Suðurlandsbraut 18

108 Reykjavík

S: 570-5500

Fax: 570-5501

Sigurberg Guðjónsson hdl.

Fasteignasalan Gimli

Grensásvegi 13

108 Reykjavík

S: 570-4800

Fax: 570-4810

Valgerður Dís Valdimarsdóttir hdl.

Lögmannsstofan Skeifunni 11a

108 Reykjavík

S: 568-8640

Fax: 568-9585

## Nýtt aðsetur:

Baldvin Hafsteinsson hrl.

Tjónamat og skoðun ehf.

Klapparstíg 25-27

101 Reykjavík

S: 511-5110

Fax: 511-5116

Helgi Bragason hdl.

Lögmannsstofan

Kirkjuvegi 23

900 Vestmannaeyjar

S: 488-1600

Fax: 488-1601

Jóhann Pétursson hdl.

Lögmannsstofan

Kirkjuvegi 23

900 Vestmannaeyjar

S: 488-1600

Fax: 488-1601

## Námskeið á vorönn

### Skipulags- og byggingalöggjöfin:

#### Helstu reglur, dómur og úrskurðir.

Hagnýtt námskeið þar sem farið verður yfir helstu málsmeðferðarreglur skipulags- og byggingamála. Dómur sem fallið hafa á þessu réttarsviði verða skoðaðir auk áhugaverðra úrskurða Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála.

Kennari: Hjalti Steinþórsson frkvstj. Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Rvík.

Tími: Þriðjudagur 27. apríl kl. 16:00-19:00.

Verð: kr. 16.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 13.500,-

### Verksamningar og ábyrgð samningsaðila.

Í inngangi námskeiðsins felst almenn umfjöllun um grunnþætti og einkenni verka samninga um mannvirkjagerð og ágreiningsefni þeim tengd. Nánar verður farið yfir ábyrgð verktaka, byggingarstjóra, iðnmeistarara og hönnuða. Fjallað verður um helstu dóma sem hafa gengið um efnið.

Kennarar: Othar Örn Petersen hrl. og Erlendur Gíslason hrl.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Rvík.

Tími: Fimmtudagur 29. apríl kl. 16:00-19:00

Verð: kr. 16.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 13.500,-

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á [neffang@lmfi.is](mailto:neffang@lmfi.is)



Dómur Hæstaréttar 18. september 2003 í máli nr. 520/2002

## Tengsl skaðabótaréttar og bótaréttar frá almannatryggingum

**D**ann 18. september síðastliðinn féll dómur í Hæstarétti í máli nr. 520/2002 þar sem tekið var á ákveðnum álitaefnum um tengsl skaðabótaréttar og bótaréttar frá almannatryggingum. Hér á eftir verður m.a. gerð grein fyrir þessum álitaefnum.

### Ágreiningsefni í máli nr. 520/2002

Málið snérist um afleiðingar vinnu- slyss þann 9. júlí 1999. Um var að ræða mjög alvarlegt slys og var tjónþoli m.a. metinn til 70% varanlegrar fjárhagslegrar örorku. Atvik að slysinu voru óumdeild, bótaskylda viðurkennd og fór uppgjör fram á grundvelli útreiknings tryggingafræðings.

Tjónþoli sætti sig hins vegar ekki við uppgjör á bótum fyrir varanlega fjárhagslega örorku og deildu aðilar um það hvernig fara ætti með frádrátt frá skaðabótakröfu samkvæmt 1. málslíð 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga eins og ákvæðinu var breytt með 4. gr. laga nr. 37/1999. Ákvæðið varðar frádrátt vegna framtíðargreiðslna úr almannatryggingum. Deilt var um hvernig skýra ætti ákvæðið og jafnframt taldi tjónþoli það ekki standast 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki var ágreiningur um að ætlað eingreiðsluverðmæti bótageiðslna frá almannatryggingum samkvæmt almannatryggingalögum nr. 117/1993 og lögum nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, að teknu tilliti til skattskyldu, næmi kr. 6.404.742,00. Um var að ræða örorkulífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót. Þá voru aðilar sammála um að heildartjón vegna varanlegrar örorku væri kr. 11.409.764,00 og að frá þeirri fjárhæð ætti að draga bætur sem tjónþoli fékk úr slysatryggingu launþega, samtals kr. 3.602.880,00.



**Dr. jur.  
Guðmundur  
Sigurðsson**

dósent

### Skaðabótalögum nr. 50/1993 breytt með lögum nr. 37/1999. Ákvörðun bóta fyrir fjárhagslega örorku

Skaðabótalög voru lögfest árið 1993. Um þær breytingar sem gerðar voru á 5. gr. laganna með lögum nr. 37/1999 segir eftirfarandi í greinargerð með 4. gr. síðastnefndra laga:

„Samkvæmt gildandi lögum dragast bætur frá almannatryggingum og líffeyrissjóði ekki frá bótum fyrir varanlega örorku. Í greinargerð með

frumvarpinu að skaðabótalögum, nr. 50/1993, kemur fram að margföldunarstuðull laganna hafi öðrum þræði verið ákveðinn með hliðsjón af því að tjónþoli héldi óskertum rétti til bóta frá þriðja manni, t.d. almannatryggingum og váttryggingum. Þessi sjónarmið eiga ekki við í þessu frumvarpi. Margföldunarstuðull 5. gr. frumvarpsins er annars eðlis en í gildandi lögum og við það miðaður að tjónþoli fái að fullu bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna varanlegrar örorku. Vegna þessa er lagt til að til frádráttar bótum komi greiðslur af félagslegum toga sem koma í hlut tjónþola vegna örorkunnar. Við frádráttinn þarf að huga að því að greiðslur séu sambærilegar með því að taka tillit til skattskyldu og greiðsluforms, áður en dregið er frá skattfrjálsum og afvöxtuðum bótum fyrir varanlega örorku.”

Í máli nr. 520/2002 staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að hið uppreiknaða eingreiðsluverðmæti greiðslna frá almannatryggingum ætti að koma til frádráttar bótum fyrir varanlega örorku. Rök Hæstaréttar voru í stuttu máli eftirfarandi:

Í 6. gr. skaðabótalaga, eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 37/1999, er mælt fyrir um hvernig meta á varanlega örorku til fjárhæðar á

grundvelli örorkustigs tjónpola, árslauna hans og margfeldisstuðuls. Komi fram í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 37/1999 að margfeldisstuðullinn sé annars eðlis en áður og sé við það miðaður að tjónpóli fái að fullu bætt tekjutap sitt vegna varanlegrar örorku. Þetta leiði til þess að til frádráttar komi greiðslur af félagslegum toga.

Þá virðist ljóst að breyting sú sem gerð var á skaðabótalögum með lögum nr. 37/1999 hefur í alvarlegum slysamálum leitt til lakari bótaréttar tjónpóla á miðjum aldri með lágar tekjur en til betri bótaréttar yngri tjónpóla með meðal- eða hærri tekjur.

Þá benti rétturinn á að útreikningur á tjóni vegna varanlegrar örorku sé reistur á örorkustigi tjónpóla á þeim tíma sem upphaf örorkunnar miðast við og tekjum fyrir slysdag, en staðlaður að öðru leyti og samkvæmt orðalagi ákvæðis 4. mgr. 5. gr. laganna og lögskýringargögnum beri að miða framtíðaráfrádrátt vegna greiðslna af félagslegum toga við þann tíma sem tjónpóli geti ekki vænst frekari bata, þ.e. stöðugleikatímamark. Því þurfi að taka mið af því hvernig mál tjónpóla standa á stöðugleikatímamark og ætla út frá því hvernig þau þróast í framtíðinni samkvæmt meðaltalslíkindareglu. Rétturinn taldi 1. málslið 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga standast 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Hæstaréttur telur því eftirfarandi meginreglu gilda samkvæmt 1. málslið 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 37/1999. Ef afleiðingar slyss, metnar á stöðugleikatímamark, eru með þeim hætti að tjónpóli á rétt á félagslegum greiðslum frá almannatryggingum kemur eingreiðsluverðmæti þeirra til frádráttar skaðabótum fyrir varanlega fjárhagslega örorku.

Sem dæmi um félagslegar greiðslur sem gætu komið til skoðunar í þessu sambandi eru :

1. Lög nr. 117/1993 um almannatryggingar, 10., 12., 14., 17., 28. og 29. gr., örorkulífeyrir, barnalífeyrir, tekjutrygging og tekjutryggingarauki, dagpeningar og örorkubætur/örorkulífeyrir.
2. Lög nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, 8., 9., 10. og 11. gr., endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót, uppbót á lífeyri, bensínstyrkur.

Vafi er á því hvort með dómi Hæstaréttar hafi verið úr því skorið að allar félagslegar greiðslur sem tjónpóli á rétt á vegna slyss eigi að koma til frádráttar bótum fyrir varanlega örorku. Á t.d. barnalífeyrir að koma til frádráttar skaðabótakröfu foreldris? Þá svarar dómurinn því að sjálfsögðu ekki hvaða félagslegu greiðslur tjónpóli á rétt á hverju sinni.

### Hafa lög nr. 37/1999 leitt til lakari bótaréttar tjónpóla í alvarlegum slysamálum?

Áður en gerð verður tilraun til að svara þessari spurningu er rétt að reikna skaðabótakröfu tjónpóla í máli nr. 520/2002, annarsvegar á grundvelli skaðabótalaga eins og þeim var breytt með lögum nr. 42/1996 og hinsvegar á grundvelli laga nr. 37/1999.

### Ef skaðabótalögin eins og þeim var breytt 1996 hefðu gilt um tjónið.

Heildartjón vegna 70% varanlegrar örorku (1.780.800 x 10 x 70%)	kr.	12.465.600,00
Til frádráttar:		
Lækkun skv. 9. gr. skaðabótalaga (19%)	kr.	- 2.368.464,00
Örorkubætur úr slysatryggingu launþega	kr.	-3.602.880,00
Skaðabótakrafa á hendur hinum bótaskylda	kr.	6.494.256,00

### Tjónið reiknað skv. skaðabótalögum eins og þeim var breytt 1999. Lög nr. 37/1999 tóku gildi 1. maí 1999.

Heildartjón vegna 70% varanlegrar örorku (1.780.800 x 9,153 x 70%)	kr.	11.409.764,00
Til frádráttar:		
Örorkubætur úr slysatryggingu launþega	kr.	-3.602.880,00
Greiðslur frá almannatryggingum	kr.	-6.404.742,00
Skaðabótakrafa á hendur hinum bótaskylda	kr.	1.402.142,00
Mismunur: (6.494.256,00 – 1.402.142,00)	kr.	<b>5.092.114,00</b>

Af þessu má sjá að breytingar þær sem gerðar voru á skaðabótalögum 1999 leiddu til þess að hinum skaðabótaskylda aðila í máli nr. 520/2002 bar að greiða tjónþola u.þ.b. 5 millj. kr. lægri skaðabætur fyrir varanlega fjárhagslega örorku en raunin hefði orðið ef slysið hefði gerst rúmlega 2 mánuðum fyrr.

Það kann hinsvegar að vera vafasamt að fullyrða að þó lagabreytingin 1999 hafi leitt til lakari skaðabótaréttar tjónþola í máli nr. 520/2002 sé eins farið um alla aðra tjónþola.

Til þess að reyna að leiða líkum að því hver hin almenna staða tjónþola er samkvæmt lögum nr. 37/1999 samanborið við stöðuna fyrir lagabreytinguna var tjón vegna varanlegrar örorku nokkurra tilbúinna tjónþola kannað útfrá eftirfarandi forsendum:

- Slysdagur er sá sami og í máli nr. 520/2002, svo og stöðugleikatímamunktur og metnar afleiðingar, þ.e. 70% varanleg örorka.
- Bótaréttur úr slysatryggingu launþega er kr. 3.602.880,00.
- Gert er ráð fyrir að tjónþoli nýti 30% metna vinnugetu sína.
- Reiknaður er bótaréttur kvenna á aldrinum 20, 30, 40, 50 og 60 ára, annarsvegar skv. skaðabótalögum eins og þeim var breytt með lögum nr. 42/1996 og hinsvegar eins og þeim var breytt með lögum nr. 37/1999.
- Gert er ráð fyrir að tjónþoli eigi aðeins rétt til greiðslna frá almannatryggingum en ekki lífeyrissjóði.
- Gert er ráð fyrir bótarétti frá stöðugleikatímamunkti til 67 ára aldurs tjónþola.
- Tekið er tillit til 33,3% skattskyldu við útreikning frádráttarfjárhæða.
- Útreikningur miðar við 4,05% ársvexti, þ.e. 4,5% fyrir fjármagnstekjuskatt, og vaxtavexti.
- Lífslíkur fara eftir reynslu árána 1996 – 2000. Lífslíkur kk. og kvk. eru ekki þær sömu.
- Stuðst var við þrenns konar árslau:
  1. Sömu árslau og í máli nr. 520/2002, þ.e. kr. 1.780.800,00
  2. Árslau kr. 3.180.000,00
  3. Árslau kr. 4.770.000,00

Niðurstöður er að finna í eftirfarandi þremur töflum.

### Tafla 1. Árslau kr. 1.780.800,00

Aldur tjónþola	Kyn.	1996	1999
20	kvk.	8.862.720,00	7.966.123,00
30	kvk.	8.239.440,00	3.294.017,00
40	kvk.	6.992.880,00	1.897.394,00
50	kvk.	5.123.040,00	514.570,00
60	kvk.	1.383.360,00	0,00

### Tafla 2. Árslau kr. 3.180.000,00

Aldur tjónþola	Kyn.	1996	1999
20	kvk.	18.657.120,00	28.875.445,00
30	kvk.	17.544.120,00	19.379.950,00
40	kvk.	15.318.120,00	15.199.423,00
50	kvk.	11.979.120,00	10.279.161,00
60	kvk.	5.301.520,00	5.191.460,00

### Tafla 3. Árslau kr. 4.770.000,00

Aldur tjónþola	Kyn.	1996	1999
20	kvk.	29.787.120,00	50.557.610,00
30	kvk.	28.117.620,00	35.783.649,00
40	kvk.	24.778.862,00	28.736.173,00
50	kvk.	19.770.120,00	20.227.089,00
60	kvk.	9.753.120,00	10.949.353,00

### Niðurstaða:

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 520/2002 gaf svar við ákveðnum grundvallarspurningum varðandi túlkun á 1. málslíð 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eins og ákvæðinu var breytt með 4. gr. laga nr. 37/1999. Þannig staðfesti Hæstiréttur að eingreiðsluverðmæti ákveðinna greiðslna af félagslegum toga frá almannatryggingum komi til frádráttar skaðabótum fyrir varanlega fjárhagslega örorku og að réttur til greiðslna frá almannatryggingum miðast við stöðugleikatímamunktur. Dómurinn svarar því hins vegar ekki með endanlegum hætti hverjar félagslegar greiðslur frá almannatryggingum komi til frádráttar og hverjar ekki.

Þá virðist ljóst að breyting sú sem gerð var á skaðabótalögum með lögum nr. 37/1999 hefur í alvarlegum slysamálum leitt til lakari bótaréttar tjónþola á miðjum aldri með lágar tekjur en til betri bótaréttar yngri tjónþola með meðal- eða hærri tekjur. Svar við þeirri spurningu hvort, þegar á heildina er litið, lög nr. 37/1999 hafa leitt til lakari eða betri bótaréttar tjónþola í alvarlegum slysamálum, kallar hins vegar á ítarlegri rannsókn en að framan greinir og verður því engu haldið fram í þeim efnum að minni hálfu.

# Öflug nú tíma verkfæri

Stafrænar ljósritunarvélar  
sem skanna, prenta,  
senda og móttaka fax  
og skrifa út tölvupóstinn.

**TÆKNIBÚNAÐUR**

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 12 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMAR 510 5520 • 510 5500



MINOLTA



Ný lína  
frá Minolta í  
s/h ljósritunarvélum:  
Di2510, Di3010  
og Di3510.

**Fjölnota  
tæki með  
öflugum tölvu  
og nettengi.**